


**skoðun 16**



**Á hjólaferð um landið**
*Alissa Vilmundardóttir hjólar hringveginn til styrktar góðu málefni.*
**allt 1**

**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa og lífstíll





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

**ÞRIÐJUDAGUR**

17. ágúst 2010 — 191. tölublað — 10. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000




**Á horni Helga**
*Minnisvarði um Helga Hóseasson afhjúpaður.*
**tímamót 22**

**Styttist í Inhale**
*Myndin verður frumsýnd 22. október í Ameríku.*
**fólk 34**



**Jafntefli í toppslagnum**
*Breiðablik og ÍBV skildu jöfn í Kópavoginum í gær.*
**íþróttir 30**

**veðrið í dag**




**LÉTTIR TIL SYÐRA** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s en 8-13 NV-lands. Væta N- og A-til en léttir heldur til syðra. Hiti 10-18 stig, hlýjast SV-lands.

**VEÐUR 4**

# Kom að manninum sofandi og margstakk með eggvopni

**Maðurinn sem fannst myrtur á heimili sínu í Hafnarfirði um helgina er talinn hafa verið sofandi þegar ráðist var á hann. Hann var stunginn margoft með eggvopni. Yfirheyrslur stóðu enn yfir í gærkvöldi.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri sem ráðinn var bani á heimili sínu við Háaberg í Hafnarfirði um helgina fannst liggjandi á gangi að svefnherbergi sínu í einbýlishúsinu sem hann bjó í, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Maðurinn var stunginn margoft með hnífi eða öðru eggvopni með þeim afleiðingum að hann hlaut bana af. Nokkurt rót var í svefnherberginu, sem bendir til þess að til einhverra stympinga eða jafnvel átaka hafi komið. Mikið blóð var á vettvangi.

Grunur leikur á að ódæðismaðurinn hafi farið inn í húsið í gegnum inngang sem var ólæstur að jafnaði.

Það var laust fyrir hádegi á sunnudag sem tilkynnt var um látinn mann í heimahúsi í Hafnarfirði. Unnusta mannsins kom að honum látnum í húsinu.

Lögregla hóf þegar umfangsmikla rannsókn. Tæknilið hóf að fínkemba húsið þar sem maðurinn fannst svo og næsta nágrenni. Þá hófust fljótlega yfirheyrslur yfir fólki sem talið var geta gefið upplýsingar sem að gagni mættu koma til að handsama árásarmanninn.

Lögregla hélt áfram yfirheyrslum í allan gærdag og höfðu þá fjölmargir verið yfirheyrðir, auk þess sem unnið var úr gögnum sem aflað hafði verið með tæknirannsóknum á vettvangi. Í gærkvöldi stóðu yfirheyrslur enn yfir.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var ekki búið að finna morðvopnið, sem talið er hafa orðið manninum að bana, síðdegis í gær. Talið er líklegt að ráðist hafi verið á manninn þar sem hann lá í rúmi sínu, að líkindum sofandi, en hann var einn heima þessa nótt. Gögn benda til þess að ráðist hafi verið á hann nokkrum klukkustundum áður en unnusta hans kom að honum látnum.

Maðurinn sem ráðinn var bani hét Hannes Þór Helgason. Hann var fæddur árið 1973. Hann var framkvæmdastjóri sælgætisgerðarinnar Góu.

Lögreglan biður þá sem upplýsingar geta gefið í tengslum við rannsókn málsins um að hafa samband í síma 444 1104.
- jss




**Á PUTTANUM** Þessir frönsku ferðamenn reyndu hvað þeir gátu að fá far með einhverjum góðhjörtuðum bílstjóra úr miðbæ Reykjavíkur áleiðis til Keflavíkur í gær. Ferðamenn hafa verið áberandi í miðbænum í sumar, en þessir gátu greinilega ekki beðið eftir að komast í flugvélina heim.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tobba komin á fast:

## Byrjuð með borgarfulltrúa

**FÓLK** „Við erum ólík en samt svo lík," segir Þorbjörg Marinósdóttir betur þekkt sem Tobba Marinós, þegar hún staðfestir samband sitt við borgarfulltrúa Besta flokksins og söngvara Baggalúts, Karl Sigurðarson, í samtali við Fréttablaðið.



**ÞORBJÖRG MARINÓSDÓTTIR**

Parið hittist á Ölstofunni seint í sumar og þau smullu strax að sögn Tobbu. Þetta þykja fréttir þar sem bók Tobbu, Makalaus, hefur slegið í gegn hér á landi og þykir hún vera einn helsti ráðgjafi einhleypra stúlkna á Íslandi. Ekkert lát verður þó á því og stefnir Tobba á gefa út bókina Makalaus 2 næsta vor.
- áp / sjá síðu 46

Stofnfrumumeðferð hérlendis gengur vel og stenst alþjóðlegan samanburð:

## Gefa stofnfrumur til útlanda

**HEILSA** „Nú þegar hafa þrír íslenskir blóðgjafar gefið stofnfrumur til óskyldra einstaklinga úti í heimi," segir Sveinn Guðmundsson yfirlæknir Blóðbankans. Hann tekur fram að skráðir stofnfrumugjafar um heiminn séu að minnsta kosti tólf milljónir og Íslendingar séu um þúsund þeirra.

Sveinn segir að Íslendingar hafi gefið stofnfrumur til erlendra einstaklinga síðastliðin fimm ár og fleiri gjafar séu hugsanlega í farvatninu. „Í alþjóðlegu samstarfi held ég að þetta sé mjög merkilegt og gott að við séum þátttakendur en ekki einungis þiggjendur."



**SVEINN GUÐMUNDSSON**

Seint á árinu 2003 hófst háskammtalyfjameðferð með stofnfrumustuðningi hérlendis. Þá eru teknar stofnfrumur úr sjúklingnum sjálfum og þær græddar í hann aftur að lokinni lyfjameðferð. Sjúklingar sem þurfa á stofnfrumumeðferð að halda hérlendis eru oftast með sjúkdóma á borð við eitlaæxli, mergæxli og hvítblæði.

Hlíf Steingrímsdóttir, yfirlæknir blóðlækningadeildar Landspítalans, segir meðferðina hafa gefist vel. „Árangurinn hefur verið mjög svipaður og gerist erlendis."
- mmf / sjá Allt







## SPURNING DAGSINS



*„Kolbrún, fyllist þið ekkert sektarkennd yfir þessu?“*

„Nei, það er víst okkar að leggja þetta á fólk.“

Kolbrún Jónatansdóttir er framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs. Á Menningarnótt um næstu helgi verða þeir sem leggja ólöglega í miðborg Reykjavíkur sektaðir en undanfarin ár hefur Bílastæðasjóður horft í gegnum fingur sér með það á þessum degi.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra fundaði með þingflokki Samfylkingarinnar um umdeilt lögfræðiálit:

# Ekki tilefni til að víkja Gylfa segir Jóhanna

**STJÓRNMÁL** Gylfi Magnússon mun sitja áfram sem efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra eftir þingflokksfund Samfylkingarinnar í gær. Þar var rætt um stöðu Gylfa, en ekki var rætt sérstaklega hvort hann ætti að segja af sér í kjölfar umræðu um álit sem Seðlabankinn lét vinna um gengistryggð lán.

„Það er ekkert sem gefur mér tilefni til að víkja honum [Gylfa] úr sæti viðskiptaráðherra út af þessu máli,“ sagði Jóhanna við fjölmiðlafólk að fundi loknum. Hún sagði Gylfa hafa skýrt mál sitt og hún telji svör hans fullnægjandi. Hún sagði að á fundinum hefði ekki komið annað fram en að Gylfi nyti fulls trausts þingflokksins.

„Ég hef að vísu verið óánægð með að hafa ekki fengið þessi álit send frá Seðlabankanum og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu,“ sagði Jóhanna. Spurð hvaða skýringar hún hafi fengið á því sagði hún að Seðlabankinn teldi, miðað við framvindu málsins, að eðlilegt hefði verið að forsætisráðherra og fjármálaráðherra hefðu fengið lögfræðiálitið. Hún sagði að bankinn teldi þó að það hefði litlu breytt.

„Gylfi var spurður margra spurninga, hann svaraði þeim vel og gaf greinargott yfirlit yfir málið. Þingmenn voru sáttir við greinargóð og góð svör,“ sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, eftir fundinn í gær. - bj



**FUNDAÐ** Ekki var rætt um mögulega afsögn Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, á fundi með þingflokki Samfylkingarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PORSCHE TRAKTORINN** Unnsteinn Hjálmar Ólafsson, bóndi á Grund, ásamt Tindi Guðmundssyni, bróðursyni sínum, á nýja traktornum. MYND/HLYNUR ÞÓR MAGNÚSSON

Dráttarvélasafnið á Grund:

## Porsche traktor bætist í safnið

**FÓLK Appelsínugulur, þýskur Porsche traktor, árgerð 1956, er nýjasti sýningargripur Búvélasafnsins á Grund í Reykhólahreppi. Þetta kemur fram á vefsíðu hreppsins.**

**Á Grund halda bræðurnir Unnsteinn Hjálmar og Guðmundur Ólafssynir búvélasafn. Þeir hafa sankað að sér fjölmörgum gömlum vélum og traktorum og gert upp til sýningar.**

**Sagt er að appelsínuguli liturinn á traktornum hafið verið valinn til þess að traktorarnir yrðu sem mest áberandi svo hraðskreiðari farartæki ættu auðveldara með að vara sig á þeim. - mþl**

### ELDSVOÐI

**Bruni í Laugardalnum**

Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað til þegar eldur kom upp í íbúð í fjölbýlishúsi við Austurbrú upp úr hádegi í gær. Hafði kviknað í tuskum á eldavél og greiðlega gekk að slökkva eldinn.

### VESTFIRÐIR

**Engir dagforeldrar**

Ekkert dagforeldri er nú starfandi í Bolungarvík, en tvær dagmæður voru starfandi síðastliðinn vetur. Bolungarvíkurkaupstaður hefur vakið sérstaka athygli á þessu og hvatt áhugasama bæjarbúa til að sækja um leyfi til dagvistunar.

# Sjálfstæðisflokkur fylgir væntingum

**Væntingavísitalan á landinu og fylgi Sjálfstæðisflokksins virðast haldast þétt í hendur á síðustu árum. Er Sjálfstæðisflokkurinn flokkur vonarinnar? spyr stjórnmálafræðingur. Formaður flokksins vill lítið tjá sig um málið.**

**STJÓRNMÁL** Væntingavísitalan, sem Capacent Gallup mælir reglulega, virðist samkvæmt samanburði sem sjá má á vef Datamarket haldast þétt í hendur við fylgi Sjálfstæðisflokksins, að minnsta kosti síðustu árin. Stjórnmálafræðingur segir erfitt að svara því hvort um tilviljun sé að ræða eða raunverulega fylgni.

Væntingavísitalan lækkaði í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Tvíburaturnana í New York 11. september 2001. Á sama tíma jókst fylgi Sjálfstæðisflokks. Það lækkaði hins vegar um það leyti sem íslensk stjórnvöld ákváðu að styðja innrásina í Írak.

Fylgi flokksins og vísitala væntinga hafa fylgst þétt að frá því í byrjun árs 2008. Báðar kúrfur náðu botninum á sama tíma. Undanfarin misseri hafa væntingar almennings til efnahagslífsins batnað og um leið eykst fylgi Sjálfstæðismanna.

Grétar Þór Eyþórsson stjórnmálafræðingur segist ekki vita hvort fylgnin hafi í raun og veru einhverja sögu að segja, en sú staðreynd að væntingavísitalan byrji að tengjast fylgi Sjálfstæðisflokksins um og upp úr áramótum 2007 og 2008 segi að Íslendingar tengi væntingar sínar að einhverju leyti við flokkinn að minnsta kosti ári fyrir hrun.

„Vísitalan byrjar að fylgja gengi Sjálfstæðisflokksins á meðan hann situr í ríkisstjórn í aðdraganda hrunsins,“ segir Grétar. „Þetta hefur ekkert endilega neitt með það að gera að hann sé í andstöðunni eins og í dag.“

Grétar telur mögulegt að kjósendum landsins sé tamt að tengja Sjálfstæðisflokkinn við von um betri tíð með blóm í haga og það sé ein skýringin. Hins vegar þurfi að spyrja þeirra spurninga hvers vegna væntingavísitalan hafi ekki haldist í hendur við fylgið fyrir lok 2007 og hvers vegna tengingin sé svona gríðarlega sterk eftir hrun. „Kannski er þetta flokkur vonarinnar, það er spurning.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðiflokksins, sagðist ekki hafa neina skoðun á fylgni væntingavísitölunnar við fylgi flokksins og kvað málið ópólitískt.

sunna@frettabladid.is

### Fylgið fellur með vísitölunni




Heimild: Capacent

### Væntingavísitalan

Væntingavísitala Gallup er byggð á fimm spurningum:

1. Mati á núverandi efnahagsaðstæðum.
2. Væntingum til efnahagslífsins eftir 6 mánuði.
3. Mati á núverandi ástandi í atvinnumálum.
4. Væntingum til ástands í atvinnumálum eftir 6 mánuði.
5. Væntingum til heildartekna heimilisins eftir 6 mánuði.



**TONY BLAIR** Ánafnar nýrri endurhæfingarmiðstöð allan ágóða af ævisögu sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Blair gerir yfirbót:

## Gefur særðum hermönnum fé

**BRETLAND, AP** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, ætlar að ánafna særðum breskum hermönnum allan ágóða af væntanlegri ævisögu sinni. Blair skapaði sér miklar óvinsældir í Bretlandi fyrir stríðsreksturinn í Írak og Afganistan. Hundruð breskra hermanna hafa fallið í þessum styrjöldum, auk þess sem þúsundir eru slasaðir.

Ágóðinn af sölu bókarinnar, sem væntanlega mun nema milljónum punda, rennur til nýrrar endurhæfingarmiðstöðvar fyrir alvarlega særða hermenn. - gb

### AKUREYRI

**Sextán milljóna flygill**

Bösendorfer flygillinn, sem KEA keypti á sextán milljónir króna, var fluttur inn í menningarhúsið Hof á Akureyri í gær. Vikudagur.is greindi frá þessu. Flygillinn verður annar af tveimur flyglum í húsinu, hinn verður Ingimarsflygillinn svokallaði, sem var keyptur á sínum tíma fyrir söfnunarfé í minningu Ingimars Eydal.






Vinsælasti þáttur Rásar 1 víkur fyrir þáttaröð í tilefni 80 ára afmælis:

# Þátturinn Orð skulu standa tekin af dagskrá í sparnaðarskyni

**FJÖLMIÐLAR** „Okkur er sagt að þetta hafi verið vinsælasti þátturinn á Rás 1 undanfarin ár,“ segir Karl Th. Birgisson, umsjónarmaður þáttarins Orð skulu standa á Rás 1 hjá Ríkisútvarpinu. Ákveðið hefur verið að taka þáttinn af dagskrá í vetur. „Við vitum að við eigum stóran hlustendahóp og mjög dyggan,“ segir Karl sem segist undrandi á ákvörðuninni. Ásamt honum sjá Hlín Agnarsdóttir og Davíð Þór Jónsson um Orð skulu standa. Karl segir að þáttur þeirra sé sá eini „sem er helgaður íslensku máli í gervallri stofnuninni“.

Því andmælir Sigrún Stefánsdóttir dagskrárstjóri. Morgunútvarpið fjalli mikið um íslenskt mál og í bígerð séu málfarsþættir í samvinnu við háskólasamfélagið. Loks sé umfjöllun RÚV um íslenskt mál gerð góð skil í þáttaröð sem gerð er í tilefni áttatíu ára afmælis Ríkisútvarpsins sem sendir verða út á útsendingartíma Orð skulu standa í vetur. Sigrún segir að spara þurfi 9% í rekstrinum í vetur til viðbótar við 20-30% sparnað undanfarin ár. Þátturinn hafi verið vinsæll og eftirsjá sé að honum. „En svona er lífið,“ segir Sigrún Stefánsdóttir. -pg



KARL TH. BIRGISSON



SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR

# iPhone 4 og iPad

**Nýr sjóðheitur iPhone 4 er kominn í verslanir okkar auk nýjasta tækniundursins iPad 32 GB**

Komdu við í næstu verslun okkar og kynntu þér frábæra hönnun og eiginleika þessa ofurvinsælu tækja. 1 GB mánaðarlegt niðurhal fylgir iPad.

**Takmarkað upplag!**

*power to you*

vodafone.is

**Apple iPad 3G – 32 GB**
**með 3G Net Mini**

## 13.990 kr.

á mán. í 12 mán. 1 GB niðurhal fylgir á mán.
Staðgreiðsluverð: 159.990 kr.

**iPhone 4 – 16 GB**
**Fæst aðeins hjá Vodafone**

## 14.990 kr.

á mán. í 12 mán.
Staðgreiðsluverð: 178.990 kr.



## GENGIÐ 16.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,33 | 119,89 |
| Sterlingspund | 186,03 | 186,93 |
| Evra | 152,85 | 153,71 |
| Dönsk króna | 20,516 | 20,636 |
| Norsk króna | 19,204 | 19,318 |
| Sænsk króna | 16,056 | 16,150 |
| Japanskt jen | 1,3938 | 1,4020 |
| SDR | 180,46 | 181,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,4728

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi hermaður í ísraelska hernum harðlega gagnrýndur fyrir myndbirtingu:

# Setti fangamyndir á Facebook

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk hernaðaryfirvöld og palestínsk stjórnvöld gagnrýndu í gær harðlega fyrrverandi hermann í ísraelska hernum sem birti myndir af sjálfum sér með palestínskum föngum á Facebook-síðu sinni.

„Ætli hann sé á Facebook? Ég þarf að merkja hann á myndinni,“ skrifaði hermaðurinn fyrir neðan myndina. Hermaðurinn heitir Eden Aberjil, samkvæmt Facebook-síðu hennar.

„Þessar myndir gefa innsýn í hugarheim hernámsliðsins,“ segir Ghassan Khatib, talsmaður palestínskra stjórnvalda. „Myndirnar sýna stoltið sem fylgir því að niðurlægja Palestínumenn.“



**FANGAR** Myndirnar brjóta gegn reglum ísraelska hersins samkvæmt talsmanni hans, en ekki var ljóst í gær hvort herinn gæti refsað hermanninum fyrrverandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmaður hersins fordæmdi einnig birtinguna og sagði að væri Aberjil ekki búinn að ljúka herþjónustu sinni væri lítill vafi á að hún hefði verið dregin fyrir herdómstól. Ekki er ljóst hvort einhver viðurlög bíða hennar.

Myndirnar þykja minna á myndir sem teknar voru af bandarískum hermönnum með íröskum föngum í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak árið 2003. Myndir Aberjil sýna þó ekki að fangarnir hafi verið beittir ofbeldi eða niðurlægðir með svipuðum hætti og fangarnir í Abu Ghraib. - bj

Missti stjórn á bíl og valt:

## Ökumaður slasaðist alvarlega

**SLYS** Ökumaður jepplings hálsbrotnaði þegar hann missti stjórn á bílnum og valt ofan í gil við Skaftatunguveg skammt frá bænum Gröf í gær.

Bíllinn féll um sex metra ofan í gilið. Ökumaðurinn, erlendur ferðamaður á fimmtugsaldri, var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur. Að sögn lögreglu slapp farþegi í bílnum ómeiddur. Báðir voru í beltum. Lögregla telur að vegfarendur sem urðu vitni að slysinu og hlúðu að ökumanninum hafa bjargað miklu. - bj



**ROBERT GATES** Hefur verið varnarmálaráðherra frá 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðherra boðar afsögn:

## Gates íhugar að hætta að ári

**BANDARÍKIN, AP Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hyggst láta af embætti á næsta ári.**

**Í viðtali segir hann það skynsamlega tímasetningu, því þá geti hann haft umsjón með þeirri stórsókn gegn talibönum sem er í undirbúningi en samt hætt tímanlega áður en forsetakosningar verða á ný árið 2012. Gates er repúblikani og hefur verið varnarmálaráðherra síðan 2006, þegar George W. Bush var enn forseti, en hélt áfram þótt Barack Obama tæki við völdum.** - gb

Magma-nefndin fær frest:

## Niðurstaða um mánaðamót

**STJÓRNMÁL** Nefnd sem fjallar um lögmæti kaupa sænsks dótturfélags kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy á HS Orku hefur fengið frest til að skila niðurstöðum til mánaðamóta.

Upphaflega var nefndinni, sem skipuð var af forsætisráðherra 3. ágúst síðastliðinn ætlað að skila niðurstöðum um miðjan ágúst. Hrannar Björn Arnarson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að nefndin hafi ekki náð að standa við þann tímamörk og því fengið frest. - bj

# Krefjast skýringa á ummælum lögreglu

**Ummæli sem yfirmaður kynferðisbrotadeildar lét falla í DV í gær um fórnarlömb nauðgana hafa sætt gagnrýni. Hann vill ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið. Stígamót og dómsmálaráðherra hafa krafið lögreglustjóra um svör.**

**LÖGREGLUMÁL** Ummæli Björgvins Björgvinssonar, yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, sem hann lét falla í samtali við DV í gær, hafa sætt mikilli gagnrýni. Segir Björgvin um fjölda nauðgana í landinu að „fólk ætti kannski að líta oftar í eigin barm og bera ábyrgð á sjálfu sér“. Lætur hann þessi ummæli falla um tengsl nauðgana og vímuefnaneyslu.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segist vona innilega að ekki sé haft rétt eftir Björgvini í DV, en ef svo sé hafi hann afhjúpað afstöðu sem sé óásættanleg og Stígamót muni strax lýsa yfir vantrausti á hann. Stígamót hafi krafið Stefán Eiríksson lögreglustjóra skýringa á málinu.

„Það er bannað með lögum að nauðga konum í hvaða ástandi sem þær eru,“ segir Guðrún. „Á bak við hverja nauðgun er að minnsta kosti einn nauðgari og í viðtalinu segir Björgvin að konur geti sjálfum sér um kennt sé þeim nauðgað þegar þær eru drukknar. Með því hlýtur hann óbeint að vera að lýsa yfir sakleysi nauðgara sem nauðga konum í annarlegu ástandi.“ Guðrún segir að Stígamót geti ekki hvatt konur til að kæra ef vitað sé að móttakandinn líti svo á að nauðgunin geti verið henni að kenna. „Við skorum á yfirmann kynferðisbrotadeildar að skýra þetta mál.“ Starfsfólk Stígamóta hefur haft áhyggjur af þeim litla fjölda dóma sem fallið hafa í nauðgunarmálum á síðustu áratugum. „Ég vona að skýringarnar liggi ekki í svona viðhorfum,“ segir Guðrún.

Halla Gunnarsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands, lýsir yfir mikilli furðu með ummæli Björgvins. „Ef rétt er eftir honum haft er hann ekki hæfur til að sinna sínu starfi,“ segir Halla.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segir fráleitt að leggja ábyrgð nauðgana á brotaþola. Þó sé mikilvægt í þessu tilliti að Björgvin fái tækifæri til að skýra mál sitt í þessu samhengi. Hún hefur beðið Stefán Eiríksson, lögreglustjóra í Reykjavík, um útskýringar.

Stefán vildi í gær ekki tjá sig um ummæli Björgvins, en sagðist vera búinn að kalla eftir skýringum frá honum og næstu yfirmönnum hans.

Björgvin vildi heldur ekki tjá sig við Fréttablaðið. sunna@frettabladid.is



**TALSKONA STÍGAMÓTA** Guðrún Jónsdóttir segist vona að ekki hafi verið rétt haft eftir Björgvini.

### Ummæli Björgvins Björgvinssonar

„Það er líka annað í þessu að það er alltaf undir hverjum og einum komið að vera meðvitaður um það að ef þeir drekka mikið, taka lyf eða fíkniefni þá getur ýmislegt gerst. Vandamálið felst meðal annars í því að fólk setur leikir ekki inn á við og sér ekki að það er að setja sjálft sig í hættu með drykkju og dópneyslu. Oftar en ekki eru þessi mál tengd mikilli áfengisnotkun og ekki á ábyrgð neins nema viðkomandi sem er útsettur fyrir því að lenda í einhverjum vandræðum. Það er erfitt hvað það er algengt að fólk bendir alltaf á einhverja aðra og reynir að koma ábyrgðina yfir á þá. Fólk ætti kannski að líta oftar í eigin barm og bera ábyrgð á sjálfu sér.“ DV 16. ágúst 2010



**FLUGSLYS** Talið er að vélin hafi orðið fyrir eldingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Farþegaþota hrapaði:

## Fór í þrjá hluta í lendingunni

**KÓLUMBÍA, AP Farþegaþota af gerðinni Boeing 737 hrapaði í lendingu og brotnaði í þrennt á flugvelli á eyjunni San Andres í fyrrinótt. Um borð voru 125 farþegar og sex manna áhöfn.**

**Einn farþegi lést og fimm slösuðust, en að öðru leyti sluppu farþegar og áhöfn úr þessum hildarleik. Vélin var í innanlandsflugi, frá Bogota, höfuðborg Kólumbíu, til San Andres. Talið er að vélin hafi orðið fyrir eldingu stuttu fyrir slysið.** - gb

SOS barnaþorpin á Íslandi:

## Styrkja hjálparstarf í Pakistan

**HJÁLPARSTARF** SOS barnaþorpin á Íslandi ætla að senda 1,2 milljónir króna úr neyðarsjóði samtakanna til hjálparstarfs á flóðasvæðunum í Pakistan. Upphæðin dugar til að sjá 500 fjölskyldum fyrir nauðþurftum í tíu daga segir í fréttatilkynningu frá samtökunum.

SOS barnaþorpin eru barnahjálp sem veitir munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst.

Framlag Íslendinga er fengið úr neyðarsjóði samtakanna en alfarið er um frjáls framlög einstaklinga að ræða. - mþl




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**NORÐAUSTANÁTT** með vætu norðan- og austanlands og heldur kólnandi veðri næstu daga en það verður nokkuð bjart og áfram fremur milt sunnan og suðvestan til. Um að gera að njóta sumarblíðunnar syðra í vikunni!




Á MORGUN
Stíf NA-át NV- og SA-til, annars hægari.

FIMMTUDAGUR
3-10 m/s, hvassast SA-lands.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 21° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 31° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 21° |
| París | 19° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# ALLTAF BETRA VERÐ




ÖRGJÖRVI

Ati HD5470 SKJÁKORT

**FARTÖLVA**

MSI CX620

2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI HD5470 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.990**




**FARTÖLVA**

Toshiba Satellite T130-17E

1.3GHz Intel ULV Pentium Dual Core SU4100 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA harðdiskur • 13,3" TFT WXGA LED skjár • Intel GMA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**159.990**




**FARTÖLVA**

Acer Aspire 5741-334G32MN

2.13GHz Intel Core i3-330M Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA WXGA LED CineCrystal breiðskjár • Intel HD Graphics 4500M skjákort • Windows 7 Home Premium - 64-BIT

**139.990**




**FARTÖLVA**

Toshiba Satellite C650-15P

2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500 Centrino Duo örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA LED breiðskjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.990**




**FARTÖLVA**

Acer Aspire One 532H-2DS

1.66GHz Intel Atom N450 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 250GB SATA diskur • 10,1" TFT WSVGA skjár • Intel GMA3150 PCI skjástýring • Vefmyndavél • VGA Li-ion rafhlaða (8 klst.) • Windows 7 Starter ofl.

**59.990**

TViX

**HÁSKERPU SPILARI**



1080P
HDMI
H.264
LAN

DViCO TViX N-1 H.264

HD margmiðlunarspilari. Spilar alla staðla í gegnum USB, nettengdar tölvur og sjónvarp, af USB lyklum, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN. HDMI, A/V, USB, 10/100 Ethernet, kortalesari ofl.

**24.990**

**1 TB**

WD



**USB FLAKKARI**

WD Elements 1 Terabyte

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

**17.990**




**LCD FLATSKJÁR**

24 Philips 241E1SB

24" LCD breiðskjár með 1920x1080p upplausn, 1000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI ofl.

**44.990**




**LCD FLATSKJÁR**

Philips 190C1SB

19" LCD skjár með 1440x900p upplausn, 30000:1 dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

**27.990**

Logitech



**LEIKJAMÚS**

Logitech G500

Laser leikjamús. Innbyggt minni. 10 forritanlegir takkar. Forrita má 3 stillingar á næmni og skipta á milli með einum hnappi á meðan spilað er.

**12.990**

PHILIPS



**HÁTALARAR**

Philips SPA3210

10w margmiðlunarhátalarar með USB, Bass Boost og styrkstilli.

**6.990**



Logitech

**ÍSLENSKT LYKLABORÐ**

Logitech Media 600

Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og USB tengi. fjöldi flýtihnappa. Svart.

**4.990**

**VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN**

*Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum*

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

**KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI**

*Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi*





*F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi*

VELJUM ÍSLENSKT

**SKÓLA TILBOÐ**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

Stjórnarþingmaður tekur undir með tveimur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins:

# Vilja ráðherra á fund vegna Norðlingaölduveitu

**ALÞINGI** Þrír þingmenn úr stjórn og stjórnarandstöðu vilja að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra komi á fund iðnaðarnefndar til að ræða áform um stækkun friðlands í Þjórsárverum.

Morgunblaðið greindi frá því í gær að ráðherrarnir tveir beiti sér fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í samstarfi við fjármálaráðherra. Gangi breytingin eftir verði ekki hægt að ráðast í Norðlingaölduveitu. „Norðlingaölduveita þarfnast þess að einungis um 2-3 ferkílómetrar ógróins lands hverfi undir vatn og verður það lón langt utan friðlandsins um Þjósárver,“ segir í bréfi sem Jón Gunnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson, Sjálfstæðisflokki, sendu frá sér í gær með ósk um fund í iðnaðarnefnd. Nauðsynlegt sé vegna efnahagshorfa í landinu að útvega rafmagn til atvinnuuppbyggingar. Norðlingakosturinn sé „einn besti kosturinn sem er í boði út frá umhverfissjónarmiðum“.

Í tilkynningu lýsir Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, því yfir að hann styðji ósk Jóns og Tryggva um fund í iðnaðarnefnd vegna málsins. -pg



**ALÞINGI** Þrír þingmenn vilja fund í iðnaðarnefnd vegna áforma um að stækka friðlandið í Þjórsárverum. Þeir segja Norðlingaölduveitu nauðsynlega fyrir atvinnuuppbyggingu.

## KJÖRKASSINN



*Á Gylfi Magnússon að segja af sér sem efnahags- og viðskiptaráðherra?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,5% |
| NEI | 42,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að lögregla fái heimildir til að rannsaka einstaklinga án þess að grunur sé um ákveðið brot?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir



**HERMENN Í KIRGISISTAN** Átökin í júní kostuðu 370 manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindasamtök ásaka:

## Hermenn tóku þátt í ofbeldinu

**KIRGISISTAN, AP** Alþjóðlegu mannréttindasamtökin Human Rights Watch saka úkraínska hermenn um að hafa stutt og jafnvel tekið virkan þátt í ofbeldisaðgerðum Kirgisa gegn minnihluta Úsbeka í Kirgisistan í júní.

Átökin kostuðu að minnsta kosti 370 manns lífið.

Frásögnum Úsbeka og Kirgisa ber þó engan veginn saman. Svo virðist sem Úsbekar hafi gerst sekir um margvíslegt ofbeldi fyrstu nóttina, en eftir það hafi Kirgisar fjölmennt til átakanna og hagað sér helmingi verr. - gb

Nóg um að vera hjá lögreglu:

## Fjórir árekstrar á 70 mínútum

**LÖGREGLUMÁL Þriggja bíla árekstur varð á Vesturlandsvegi við Lyngholt í Hvalfjarðarsveit á sunnudagseftirmiðdag. Áreksturinn var eitt fjögurra umferðaróhappa sem voru tilkynnt til lögreglunnar í Borgarfirði og Dölum á sjötíu mínútna tímabili á sunnudag.**

**Ökumaður eins bílsins ætlaði að beygja af veginum og hægði því á sér. Annar bíll ók aftan á hann og sá þriðji þar á eftir. Slys á fólki voru minni háttar en bílarnir skemmdust töluvert mikið. Umferð á veginum tafðist talsvert í kjölfar slyssins.** - þeb

# Brugg og smygl eykst með hærri sköttum

**Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir skattastefnu ríkisstjórnarinnar leiða af sér stækkandi svartan markað með áfengi. Slíkt hljóti að teljast áhyggjuefni. Fólk verður meira vart við brugg og smygl, samkvæmt rannsókn.**

**NEYTENDUR** Helmingur fólks á aldrinum 18 til 29 ára verður var við meira heimabrugg og smygl á áfengi nú heldur en áður. Meira en helmingur fólks kaupir annaðhvort minna áfengi eða ódýrari tegundir. Slíkt þýðir oft á tíðum kaup á vörum sem eru með lægra áfengisinnihald og þar af leiðandi minni innheimta áfengisgjalda hjá ríkinu. Kemur þetta fram í nýrri könnun sem gerð var á vegum Félags atvinnurekenda í júlí þessa árs.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að óeðlilegt megi teljast að ný skattastefna ríkisstjórnarinnar leiði af sér stækkandi svartan markað með áfengi. Slíkt hljóti að teljast áhyggjuefni í ljósi forvarnar- og heilbrigðisstefnu ríkisins.



ALMAR GUÐMUNDSSON

„Við vöruðum við frekari hækkunum á sköttum og áfengisgjöldum,“ segir Almar. „Við teljum ljóst að frekari hækkanir ríkisstjórnarinnar leiði til aukins brasks með vín og annað áfengi á svörtum markaði.“ Hann segir niðurstöðurnar því ekki koma sér á óvart.

Samkvæmt sölutölum ÁTVR hefur sala á áfengi dregist mikið saman á síðustu misserum. Almar segir tenginguna við ólöglegt brugg og smygl á vodka greinilega í ljósi talnanna. „Lítrasala á ókrydduðu brennivíni og vodka dróst saman um 24 prósent milli ára á meðan bjór dróst saman um sjö prósent, rauðvín um sex prósent og hvítvín um þrjú. Hvað segir það okkur?“

Almar telur víst að tekjur ríkisins af áfengissölu í ÁTVR hafi ekki skilað sér eins og áætlað var og þó að salan sé að minnka þetta mikið sé ólíklegt að neyslan sé að minnka samhliða því.

„Vissulega er ríkið að fá einhverja tekjuaukningu,“ segir Almar. „En miðað við þetta gríðarlega umfang hækkana í verði eru þær ekki miklar.“

Áfengis- og tóbaksgjöld hafa skilað 8,3 prósentum meiru til ríkissjóðs á fyrstu fimm mánuðum ársins á sama tíma og áfengisgjöld hafa tvisvar sinnum hækkað um tíu prósent.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar kveðast 37 prósent af fólki á aldrinum 30 til 67 ára kaupa minna áfengi nú en áður og 28 prósent af fólki á aldrinum 18 til 29 ára. Einungis 1,9 prósent segjast kaupa áfengi í meira mæli nú en fyrir ári. sunna@frettabladid.is




**ÁTVR VIÐ AUSTURSTRÆTI** Rúmur helmingur fólks segist eyða minna í kaup á áfengi nú heldur en áður. Á meðan verður fólk meira vart við heimabrugg og ólöglegt smygl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Á LEIKSKÓLA** Börn sem eru í smærri deildum á leikskólanum eru líklegri til að mennta sig en börn sem eru í stærri hópum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árangur á leikskóla hefur áhrif:

## Dugleg börn fá hærri laun

**MENNTUN Börn sem eru dugleg að læra á leikskólum eru að jafnaði með hærri laun við 27 ára aldur en börn sem ekki sýna sömu framþróun á leikskólanum. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar vísindamanna við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.**

**Þeir skoðuðu niðurstöður úr prófum sem lögð voru fyrir leikskólabörn og komust að því að börn sem bættu árangur sinn fengu umtalsvert hærri laun við 27 ára aldur en jafnaldrar þeirra sem ekki bættu árangur sinn. Ástæðuna má meðal annars rekja til þess að þau börn eru líklegri til að mennta sig meira en önnur.** - bj

Tóku fíkniefnasala:

## Setti maríjúana í klósettið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi handtók nýverið par í fjölbýlishúsi í bænum, grunað um dreifingu fíkniefna. Maðurinn var í óðaönn að tína innpakkaðar sölueiningar af maríjúana, samtals sextíu grömm, í klósettið þegar lögregla fór inn í íbúðina.

Þá tók lögreglan á Selfossi tvær kannabisræktanir, aðra í Flóahreppi en hina í Hveragerði í liðinni viku. Á síðarnefnda staðnum fundust áhöld til neyslu fíkniefna og merki um neyslu á hvítum efnum. - jss


Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift



Við öflum fyrir þig

10,36%
ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is

50% afsláttur af söluþóknun til 31. ágúst 2010

ÍSLENSK VERÐBRÉF
Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 31.07.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**

**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900



NÝTT

**BOAS**

**Leður hægindastóll**
79.900
Nokkrir litir

**Lyftu hægindastóll**
129.900

Ný sending

**SAGA OG ÞÓR**

Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

**IQ-CARE**

Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL/FREYJA**

Ný sending

Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900



NÝTT

**BOAS**

Leður hægindasófi 3 sæta
verð frá 149.900
Svefnsófi verð frá 149.900

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




Svefn & heilsa




www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað mun ný kvikmynd Rúnars Rúnarssonar heita?*

2 *Hver er fyrrverandi stjórnarformaður Sjúkratrygginga Íslands?*

3 *Hvaða fyrirtæki styrkti sumarbúðirnar í Reykjahlíð um 7,5 milljónir króna?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Minni verslun í júlí en í sama mánuði í fyrra:

# Útlit fyrir að botninum sé náð í smásöluverslun

**EFNAHAGSMÁL** Velta í dagvöruverslun dróst saman um 2,4 prósent í júlí borið saman við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi. Þetta kemur fram í nýjum tölum um smásölu frá Rannsóknarsetri verslunarinnar við Háskólann á Bifröst. Tölurnar benda til þess að botninum sé náð í smávöruverslun.

Sé veltan skoðuð á breytilegu verðlagi jókst hún um 1,9 prósent frá árinu áður. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum dróst velta dagvöruverslana saman í júlí um 1,9 prósent frá sama mánuði árið áður. Verð á dagvöru hækkaði um 4,4 prósent á þessu tólf mánaða tímabili.

Sala áfengis dróst saman um 3,4 prósent í júlí borið saman við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi. Fataverslun var 2,0 prósentum minni en velta skóverslunar jókst um 1,4 prósent milli ára. Velta húsgagnaverslana var 5,9 prósent minni og velta sérverslana með rúm minnkaði um 11,5 prósent. Sala á raftækjum jókst hins vegar um 13,1 prósent.

Mikið hefur dregið úr verðhækkunum frá síðasta ári og lækkaði verð í öllum vöruflokkum nema húsgögnum í júlí miðað við júní.

Velta í flestum tegundum smásöluverslunar hefur verið heldur minni það sem af er árinu en á sama tímabili í fyrra að raunvirði. Jafnvægi hefur verið í veltunni undanfarnar vikur sem bendir til þess að botninum sé náð. - mþl



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**VERSLUN TEKIN AÐ GLÆÐAST** Styrking gengis krónunnar hefur bundið enda á lækkun á veltu smásöluverslunar. Útlit er fyrir að botninum sé náð.






Forseti Afganistans rekur einkarekin öryggisgæslufyrirtæki úr landi:

# Fá fjögurra mánaða lokafrest

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur gefið út tilskipun um að einkarekin öryggisgæslufyrirtæki verði að leggja niður alla starfsemi sína í landinu. Fá þau fjögurra mánaða frest til þess.

Karzai hefur mánuðum saman sagt þessi fyrirtæki grafa undan öryggissveitum stjórnarinnar. Annaðhvort lögregla eða her heimamanna eigi að sjá um þessi störf.

Í ræðu sinni í nóvember síðastliðnum, þegar annað kjörtímabil hans hófst, sagðist hann vilja láta loka öllum innlendum jafnt sem erlendum öryggisfyrirtækjum innan tveggja ára.

Alls eru 52 öryggisgæslufyrirtæki á skrá hjá stjórnvöldum í Afganistan, en sú skrá er ekki tæmandi. Í Afganistan starfa alls um 26 þúsund öryggisgæslumenn fyrir Bandaríkjastjórn, þar af 19 þúsund fyrir bandaríska herinn.

Talsmaður Bandaríkjahers sagði Bandaríkjastjórn styðja þessi áform forsetans, en gat þó ekki svarað því hvort farið yrði að kröfum hans um lokafrest. - gb



**HAMID KARZAI** Lætur til skarar skríða gegn fyrirtækjum á borð við hið alræmda Blackwater.
NORDICPHOTOS/AFP





40 ára reynsla auðveldar þér að finna rétta varahlutinn

Þú getur treyst því að okkar fólk veit um hvað það er að tala

Hjá HEKLU hefur þú val milli þess að fá upprunalega varahluti bílaframleiðenda eða ódýrari hluti annars staðar frá. Jón Magnússon og félagar hafa meira en 40 ára reynslu af því að finna réttu vara- og aukahlutina fyrir þig á svipstundu. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

100% þjónustulán án vaxta | Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Einstök vöruþekking | 200.000 vörunúmer | Reynslan er góð!

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is HEKLA

# VETRARDAGSKRÁIN
## HEFUR ALDREI LITIÐ JAFN VEL ÚT

### 50" LG Plasma Full HD 600Hz

- 600 riða tæki
- 4 HDMI
- 2 USB

full HD 1080P

NÝTT

Verð
**349.995 kr.**




50PK760N

PIPAR\TBWA • SÍA • 101204

full HD 1080P




42LD450N

70.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **179.995 kr.**
Fullt verð 249.995 kr.

### 42" LG LCD Full HD 50Hz

Full HD LCD • Upplausn 1920 x 1080 pt.
2x HDMI • XD Engine myndvinnslubúnaður
2x USB • SRS True surround

full HD 1080P




37LD450N

50.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **179.995 kr.**
Fullt verð 229.995 kr.

### 37" LG LCD Full HD 50Hz

Full HD LCD • Upplausn 1920 x 1080 pt.
2x HDMI • XD Engine myndvinnslubúnaður
2x USB • SRS True surround

HD ready




TX-P42C2E

50.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **129.995 kr.**
Fullt verð 179.995 kr.

### 42" Panasonic Plasma HDR 100HZ

Frábær myndgæði • Upplausn 1024 x 768 pt.
100Hz tækni • V-Real Pro 4 myndaúrvinnsla

full HD 1080P




TX-P42G20E

60.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **259.995 kr.**
Fullt verð 319.995 kr.

### 42" Neo Plasma Panasonic FHD

Full HD THX • Upplausn 1920 x 1080 pt.
600Hz tækni • 4x HDMI • 2x USB

HÁTÆKNI 1985-2010

25 ára
Hátækni
1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

ÆGIR



TILBOÐ 690.000,-kr.

ÆGISVAGN
Tilboð kr. 690.000
(fullt verð kr. 1.190.000)
Erum að selja 2010 árgerð af Ægisvögnum okkar sem voru í leigu hjá okkur í sumar.

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is





Jens Ingólfsson
rekstrarhagfræðingur,
jens@kontakt.is



Gunnar Svavarsson
viðskiptafræðingur,
gunnar@kontakt.is



Sigurður A. Þóroddsson hrl.
sigurdur@kontakt.is



Brynhildur Bergþórsdóttir
rekstrarhagfræðingur,
lögg. verðbr.- og fasteignasali,
brynhildur@kontakt.is



Arnór H. Arnórsson
rekstrarhagfræðingur,
arnor@kontakt.is



Guðni Halldórsson
viðskiptalögfræðingur,
gudni@kontakt.is

SÉRFRÆÐINGAR Í FYRIRTÆKJAVIÐSKIPTUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

**Við teljum að eftirfarandi fyrirtæki geti verið fáanleg:**

- Skráðu þig á forgangslista og við sendum þér reglulega upplýsingar í tölvupósti um tækifæri sem við getum ekki sett í auglýsingar. Upplýsingar og skráning á www.kontakt.is.
- Rótgróið glerfyrirtæki. Ársvelta 80 mkr.
- Framleiðslufyrirtæki með eigin verslanir. Með yfir 50% markaðshlutdeild og góða vaxtamöguleika. Ársvelta um 400 mkr.
- Þekkt heimilisvöruverslun með eigin innflutning. Ársvelta 80 mkr.
- Vélsmiðja með góða verkefnastöðu. 7 starfsmenn.
- Meirihluti í stóru iðnfyrirtæki. EBITDA 75 mkr.
- Lítið en mjög arðbært fyrirtæki með heilsuvörur. Ársvelta 60 mkr.
- Rótgróin heildverslun sem selur tæknivörur og rekstrarvörur til opinberra stofnanna. EBITDA 15 mkr.
- Tvö iðnfyrirtæki sem henta vel til sameiningar. Sameinuð ársvelta um 150 mkr. og EBITDA um 25 mkr. Viðkomandi kaupandi þyrfti að leggja fram um 20 mkr. í peningum og um 20 mkr. fasteignaveð til að ná meirihluta í báðum fyrirtækjunum.
- Meirihluti í rótgrónu iðnfyrirtæki. Ársvelta 90 mkr. EBITDA 10 mkr. Litlar skuldir.
- Fyrirtæki á heilbrigðissviði með langtímasamninga. EBITDA 12 mkr.
- Verslun með heilsuvörur í góðum rekstri. Eigin innflutningur.
- Rótgróið verslunarfyrirtæki með eigin framleiðslu í Kína á alþjóðlegu vörumerki óskar eftir meðeiganda-fjárfesti til að auka framleiðslu og sölu erlendis.
- Heildverslun með ráðandi stöðu á sérhæfðu sviði. Ársvelta 270 mkr. EBITDA 34 mkr. Góð tækifæri til vaxtar.

Forgangslisti er nýjung fyrir kaupendur og fjárfesta.
Skráning á **www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland

Haukur 08.10



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…


Mikill reykur steig upp úr tónlistarhúsinu í gærmorgun vegna bruna í plastdúk:

# Eldur í Hörpu í annað sinn

**ELDSVOÐI** Eldur kom upp í tónlistarhúsinu Hörpu um ellefuleytið í gærmorgun. Allt tiltækt slökkvilið var kallað á staðinn og var byggingin rýmd.

Mikill og svartur reykur steig til himins upp úr suðvesturhlið hússins þegar eldur kom upp í plastdúk við suðu á grindum og barst hann svo út í timburklæðningu. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarmönnum á svæðinu kviknaði í þeim parti Hörpu sem kínversku verktakarnir eru að vinna að. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins og ekki hlaust mikið tjón af. Er þetta í annað sinn á tveimur mánuðum sem kviknar í húsinu. Í lok júní var slökkviliðið kallað út vegna bruna í plastklæðningu á norðausturhlið hússins. - sv



**BRUNI Í HÖRPU** Iðnaðarmenn í tónlistarhúsinu fylgjast með slökkviliði Reykjavíkurborgar ráða niðurlögum eldsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ríkið gæti komið út í plús af siglingunum

**Vegagerðin segir að þótt kostnaður vegna siglinga Herjólfs sé áætlaður meiri en áður, komi niðurfelling flugstyrkja á móti, svo ríkið geti komið út í plús. Vestmannaeyingar kvarta ekki undan nýju fyrirkomulagi, segir bæjarstjóri.**

**SAMGÖNGUR** Þrátt fyrir að áætlaður árlegur kostnaður Vegagerðarinnar við siglingar milli lands og Vestmannaeyja aukist með nýrri Landeyjahöfn er ekki loku fyrir það skotið að heildarkostnaður lækki, því ríkisstyrkir vegna áætlanaflugs til Eyja hafa verið aflagðir.

Áætlaður kostnaður af siglingunum er 450 til 500 milljónir, en var í fyrra 400 milljónir, þótt þá hafi bæst við ófyrirséður kostnaður upp á 81 milljón, að sögn Kristínar H. Sigurbjörnsdóttur, framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs hjá Vegagerðinni.

Miðað við þetta eykst kostnaður um 12,5 til 25 prósent milli ára. Á móti kemur að 130 milljónir, kostnaður stofnunarinnar vegna niðurgreiðslu flugmiða, sparast. Því gæti ríkið komið út í plús í það minnsta ef ekkert óvænt kemur upp á. „Það er gert ráð fyrir að greiða þurfi meira með nýju leiðinni, fyrst og fremst vegna þess að miðaverð er lægra,“ segir Kristín, og tekur þar undir með samgönguráðherra.



KRISTÍN H. SIGURBJÖRNSDÓTTIR

Hún útskýrir lækkun fargjaldsins, úr 2.660 krónum í 1.000, með mun styttri siglingaleið. Einnig séu rútuferðir til Landeyjahafnar lengri og dýrari en til Þorlákshafnar og því meiri kostnaður fyrir vegfarendur af þeim, segir Kristín. En hvers vegna miðast fargjald ekki við raunverulegan kostnað?

„Það er verið að niðurgreiða allar almenningssamgöngur af því að þær bera sig ekki. Það er pólitísk ákvörðun. Við reynum að hækka verð og lækka gjaldskrár til að draga úr kostnaði ríkisins, en það er auðvitað ekki vinsælt hjá notendum,“ segir hún.

Miðað við hvernig gengið hefur í sumar að selja miðana er ólíklegt, að mati Kristínar, að kostnaðurinn aukist um fjórðung, eins og efri mörk áætlunarinnar segja til um.

„Nei, sem betur fer gengur þetta betur en við þorðum að vona,“ segir hún, en tugir þúsunda hafa farið með Herjólfi síðan Landeyjahöfn var tekin í gagnið.

klemens@frettabladid.is



**VESTMANNAEYJAR** Samkvæmt samkomulagi Eimskipa og ríkisins getur skipafélagið ekki tapað á siglingunum til Eyja. Þetta samkomulag er þáttur í „opinni bók“, þar sem öll rekstrargögn verða gerð opinber ríkinu, til að auðvelda útboð seinna meir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Dregið úr þjónustu miðað við áætlanir

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að gríðarlegar breytingar hafi verið gerðar á siglingum Herjólfs, sé miðað við það sem átti að verða 2008. Gert hafi verið ráð fyrir því að sigldar yrðu tæplega fimm ferðir að meðaltali á dag, alls 1.800 ferðir á ári. Þetta hafi verið skorið niður í 1.360 ferðir.

„Þetta er 24,5 prósenta niðurskurður, á sama tíma og ráðherra sagði að stofnanir samgönguráðuneytis þyrftu að sætta sig við tíu prósenta niðurskurð vegna efnahagserfiðleikanna,“ segir Elliði. Vestmanneyingar kvarti ekki undan því að lenda í niðurskurði eins og aðrir. Þeir séu sáttir við núverandi endurskoðun á þjónustu Herjólfs. Hins vegar sé „eðlilegt og sanngjarnt að sama gildi um Vestmannaeyjar og aðra staði á landinu“.

Einnig bendir Elliði á að miðað við forsendur snemma árs 2008 hafi verið gert ráð fyrir að miðaverð fullorðinna yrði 500 krónur. Flutningur á sjó hafi síðan hækkað um fimmtung, þannig að fullborgandi farþegi ætti í raun að greiða 600 krónur. En miðaverð hafi síðan hækkað um 40 prósent umfram verðlag, í 1.000 krónur.

Þá hafi verið hætt við nýsmíði á ferju, og með því sparaðir þrír milljarðar. Að síðustu efast bæjarstjórinn um útreikninga sem benda til að kostnaður Eimskipa hafi einungis lækkað lítillega. Skipið sigli nú í 923 klukkustundir á ári en sigldi áður í 2.154 stundir.



Ögmundur Jónasson um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu:

# Finnst mikil hætta skapast

**DÓMSMÁL** „Mér finnst mikil hætta skapast með því að hefja rannsóknir á einstaklingum án þess að rökstuddur grunur liggi fyrir og færa okkur óþægilega nálægt aðferðum lögregluríkja svokallaðra.“

Þetta segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, um þá áætlun Rögnu Árnadóttur, dómsmála- og mannréttindamálaráðherra, að fela réttarfarsnefnd að undirbúa tillögur að forvirkum rannsóknarheimildum til handa lögreglunni.

Ögmundur segir hugmyndir af þessu tagi hafa komið fram áður. Þá hafi hann, ásamt fleirum, sett fram miklar efasemdir. Hann geri það ekki síður nú.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

„Ráðherra kveðst hafa gögn undir höndum sem breytt hafi afstöðu hennar,“ segir hann. „Það er nokkuð sem ég vildi fá nánari upplýsingar um. En mín skoðun er sú, að rökstuddur grunur eigi að leiða til rannsóknar lögreglu á einstaklingum.“

Ekki náðist í Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra og þingmann Samfylkingarinnar, í gær til að fá álit hans á málinu. - jss

# Til hamingju meistarar!




*Við erum stolt af því að styðja FH.*

actavis
hagur í heilsu



**ÍHUGULL Á SVIP** Þessi kornungi bavíani virðir fyrir sér tilveruna í dýragarði í Madríd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmaður Samfylkingarinnar leggst gegn hugmyndum um skattahækkanir:

# Vill skoða niðurskurðarlistann

**EFNAHAGSMÁL** Frekar en að fara í skattahækkanir á að skoða hugmyndir ríkisstjórnarinnar um mögulegan niðurskurð í ríkiskerfinu, segir þingmaður Samfylkingar, Magnús Orri Schram.

„Ég held að á einhverjum tímapunkti verðum við komin of langt í skattahækkunum og förum að missa frá okkur fjármuni með þeim,“ segir hann

Magnús nefnir sérstaklega tekjuskatt fyrirtækja, fjármagnstekjuskatt og auðlegðargjald. Jafnvel hafi verið gengið of langt með hækkun áfengisgjalds líka.



**MAGNÚS ORRI SCHRAM**

„Ég vil frekar skera niður til dæmis í stjórnarráðinu og á vettvangi háskólanna. Það er hægt að gera betur á flestum sviðum ríkiskerfisins. Ég hef séð ýmsar hugmyndir frá ríkisstjórninni um hvar á að skera niður. Ég vil fara frekar í þann lista,“ segir hann. Þingmaðurinn vill þó ekki upplýsa um innihald þessa lista frekar. „Menn eru að velta þessu fyrir sér og ræða á pólitískum vettvangi hvað beri að taka af þessum lista,“ segir hann.

Haft var eftir Magnúsi Orra á RÚV á sunnudag að honum væri skapi næst að lýsa því yfir að hann væri hættur að styðja ríkisstjórnina, en það væri lýðskrum að gera það. Með þessu var hann að „vísa til þess að í sumar hótuðu þingmenn VG að hætta að styðja stjórnina út af Magma-málinu. Það eru vinnubrögð sem mér hugnast ekki og ég er alls ekki hættur að styðja ríkisstjórnina.“ **- kóþ**

Vatnsskemmdir í skóla:

## Tjarnarsalur fullur af vatni

**REYKJANES** Vatnsskemmdir urðu á parketi í Stóru-Vogaskóla í Vogum á Vatnsleysuströnd um helgina.

Salurinn sem kallast Tjarnarsalurinn var fullur af vatni þegar að honum var komið á sunnudagsmorgun. Þá átti að fara að undirbúa kaffisamsæti í tilefni af 120 ára afmæli sveitarfélagsins. Dansleikur hafði verið í húsinu á laugardag og hefur flætt eftir hann. Ekki er enn ljóst hvað gerðist en verið er að kanna allar lagnir hússins. **- þeb**




SIEMENS

Þvottavél og þurrkari frá Siemens.

Einstök gæði.
Góð þjónusta.

Þetta eru tækin handa þér!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA


Styðja mjólkurfrumvarp:

## BSRB fagnar frumvarpi

**ALÞINGI** **BSRB fagnar því að samkvæmt mjólkurfrumvarpi Jóns Bjarnasonar, landbúnaðarráðherra, fá bændur aukið svigrúm til heimavinnslu. BSRB vill þó að heimildirnar verði auknar enn frekar.**

**BSRB segist hins vegar ekki taka afstöðu til áforma um að leggja harðar sektarrefsingar við starfsemi bænda sem ekki eiga mjólkurkvóta. Í umsögn um frumvarpið til Alþingis segir BSRB þó að það sé „engum til hagsbóta, hvorki neytendum né framleiðendum, að einstök tilvik utan kerfis vinni gegn kerfinu og grafi þannig tilviljanakennt undan því,“ segir BSRB.**

**„Sé vilji til breytinga þarf að hefja heildstæða endurskoðun á kerfinu,“ segir í umsögninni.**

**- pg**



**VERSLUN Í PEKING** Starfsfólk býr sig undir daginn. NORDICPHOTOS/AFP

# Kínverjar komnir fram úr Japönum

**Kína festir sig í sessi sem ört vaxandi efnahagsveldi. Hagvöxtur í Japan varð minni á síðasta ársfjórðungi en búist var við, en Kína siglir hraðbyri fram úr. Styrkur jensins hamlar japönskum útflutningi.**

**JAPAN, AP** Kína er nú komið í annað sætið yfir stærstu hagkerfi heims, næst á eftir Bandaríkjunum. Japan víkur þar með fyrir Kína og fellur niður í þriðja sætið.

Hagvöxtur í Japan mældist á öðrum ársfjórðungi aðeins 0,4 prósent, reiknað á ársgrundvelli, sem er langt fyrir neðan þann 4,4 prósenta vöxt sem mældist á fyrsta fjórðungi ársins.

Kína festir sig þar með í sessi sem efnahagsveldi á hraðri uppleið, en um leið staðfesta tölurnar frá Japan að þar eiga menn við aukna erfiðleika að glíma í efnahagslífinu.

Þótt einkaneysla í Japan hafa ekki dregist saman þá eiga útflutningsgreinar í erfiðleikum, bæði vegna heimskreppunnar og vegna þess hve jenið hefur styrkst, sem dregur úr verðmæti útflutningsvara í jenum mælt.

Efnahagsvöxtur í Kína hefur átt stóran þátt í að hjálpa Bandaríkjunum, Japan og Evrópuríkjum upp úr kreppunni miklu. Óvíst er þó hvort eftirspurnin í Kína dugir til að hjálpa Japönum eða öðrum endanlega yfir hjallann. Nýjustu efnahagstölur frá Japan benda til þess að ástandið þar sé harla brothætt.

„Japan er kanarífuglinn í gullnámunni vegna þess að Japan er mjög háð eftirspurn í Asíu og Kína, og sú eftirspurn er að kólna verulega,“ segir Martin Schulz, hagfræðingur við Fujitsu rannsóknarstofnunina í Tókíó.

Kína hefur reyndar farið upp fyrir Japan áður í ársfjórðungstölum, en í þetta skiptið er ólíklegt að Japan komist fram úr á ný. Hagvöxtur í Kína er um tíu prósent á ári, sem er miklu meiri en hagvöxtur Japana, sem líklega verður tvö til þrjú prósent á þessu ári. Bilið á milli þjóðanna var orðið knappt um síðustu áramót þannig að hagkerfi Kína verður áfram næstum örugglega stærra en hagkerfi Japans í lok þessa árs.

Japan hefur verið í öðru sæti yfir stærstu hagkerfi heims, næst á eftir Bandaríkjunum, allar götur síðan 1968, þegar Þýskaland missti annað sætið.

Vöxtur Kína undanfarin ár hefur hins vegar verið gríðarlegur. Jafnframt hefur eftirspurn kínverskra neytenda eftir vörum frá Japan, Ástralíu og ýmsum þróunarlöndum vaxið hratt.

Á hinn bóginn hefur hagvöxturinn í Kína valdið því að ört vaxandi bil hefur myndast milli fátækra og ríkra íbúa þessa fjölmennasta lands heims. **gudsteinn@frettabladid.is**




FJÁRFESTING SEM
STEINLIGGUR

Veldu hellur með graníthörku frá Steypustöðinni.

• Graníthellur • Lengri ending • Góð vörn gegn nagladekkjum
• Falleg áferð • Betri fjárfesting

CE
Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

HRINGHELLU 2 221 HAFNARFJÖRÐUR | HRÍSMÝRI 8 800 SELFOSS | MALARHÖFÐA 10 110 REYKJAVÍK | SÍMI 4 400 400 WWW.STEYPUSTODIN.IS

StSt_100426-001

# FJÁRSJÓÐSLEITIN









Coca-Cola óskar Skemmtigarðinum til hamingju með nýjan

## ÆVINTÝRA-MINIGOLFVÖLL!

Í dag opnar Skemmtigarðurinn Fjársjóðsleitina, nýjan og ævintýralegan 18 holu minigolfvöll þar sem spilað er í gegnum bryggjur, bátsflök, kletta og sjóræningjaskip, að endingu finnst jafnvel fjársjóður.

Opnunartími:
Virkir dagar 15.00–21.00.
Helgar 12.00–21.00.

Skemmtigarðurinn
Í GRAFARVOGI

Coca-Cola

www.skemmtigardur.is | info@skemmtigardur.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 101965

# TAX FREE
# FRAMKVÆMDA-TILBOÐ




Komdu og fáðu tilboð í verkið hjá okkur að upphæð 300 þúsund eða meira, og þú færð **TAX FREE af öllum vörum**, allt frá eldavél til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

**HÚSASMIÐJAN**

Þú færð vöruna í verkið Tax free í Húsasmiðjunni.

**FRAMKVÆMDALÁN**

Landsbankinn · Arion banki · Íslandsbanki · Sparisjóðurinn

Ef þú þarft fjármögnun þá færð þú hagstæð framkvæmdalán hjá bankanum þínum.

**ALLIR VINNA**

ALLIRVINNA.IS

Þú færð 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri vinnu fagmanna auk skattaívilnunar allt að 300 þús.

Afgreiðslutími verslana sjá www.husa.is
Gildir til 31.ágúst

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar


Electrolux
MEÐ TAX FREE FRAMKVÆMDATILBOÐI
LÆKKAR VERÐIÐ ENN MEIRA!
Við erum öll með 5 ára ábyrgð!
Electrolux
5 ára ábyrgð
tekur 6kg
1200 snúninga
89.900
Electrolux
Þvottavél
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455
Electrolux
5 ára ábyrgð
tekur 7kg
1400 snúninga
109.900
Electrolux
Þvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446
Electrolux
5 ára ábyrgð
tekur 7kg
1600 snúninga
Hljóðlát 52 dB í þvotti
129.900
Electrolux
Þvottavél
1600 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A+, þvottahæfni A
vinduhæfni A
1805453
Electrolux
5 ára ábyrgð
Snýr í báðar áttir
74.900
Þurrkari
EDE 371 100W
Electrolux þurrkari m/barka
Global design
Stærð.84.4 x 60.0 x 58.0cm
108ltr. tromla
Snýr í báða áttir
1805463
Electrolux
5 ára ábyrgð
Barkalaus
Krumpuvörn
109.900
Þurrkari
Barkalaus m/rakaþétti,
tekur 6 kg af blautum
þvotti, krumpuvörn
1805461
Electrolux
5 ára ábyrgð
Hljóðlát 47 dB
12 manna
123.900
Uppþvottavél
12 manna, orkunýting A, þvotthæfni A,
þurrkhæfni A. Hljóðlát.
1805331
Electrolux
5 ára ábyrgð
85.900
Helluborð
Keramik helluborð
m/stálramma, takkar,
6400kw
1805519
Electrolux
5 ára ábyrgð
99.900
Ofn
Hvítur blástursofn
8 kerfi, ofnljós, tvöfalt gler,
blástur og grill
1808819
Electrolux
5 ára ábyrgð
116.900
Ofn
Blástursofn úr ryðfríu burstuðu
stáli, 8 kerfi, 2 ofnljós, þrefalt gler,
blástur og grill
1830118
Látum verkin tala!
HÚSASMIÐJAN
*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dómsmálaráðherra gerir rétt í að leggja til rýmri heimildir til að fást við skipulagða glæpi.

## Harðari heimur

Ragna Árnadóttir dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur nú tekið af skarið og falið réttarfarsnefnd að undirbúa breytingar á lögum, þannig að lögreglan fái heimild til svokallaðra forvirkra rannsókna. Ennfremur vill ráðherra að nefndin geri tillögur að lagasetningu sem kveði á um hvernig stjórnvöld eigi að bera sig að, vilji þau beita heimild stjórnarskrárinnar til að banna félög með ólögmætan tilgang. Báðar þessar tillögur eru umdeildar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Heimild til forvirkra rannsóknaraðgerða gengur út á að lögregla megi taka einstakling til rannsóknar þótt hann sé ekki grunaður um tiltekið afbrot eða að ætla að fremja tiltekinn glæp. Þá dugir að grunur leiki t.d. á tengslum viðkomandi við skipulögð glæpasamtök. Andstæðingar þessarar tillögu færa fram þau rök, að þessar heimildir verði notaðar til að brjóta friðhelgi einkalífs eða til að réttlæta geðþóttaákvarðanir lögreglu um rannsókn á fólki, sem ekkert hefur til saka unnið. Þetta eru réttmætar efasemdir og sjálf segist Ragna Árnadóttir efasemdamanneskja í þessum efnum. Hún bendir hins vegar á þau gögn, sem fyrir liggja um skipulagða glæpastarfsemi hér á landi og telur sér ekki stætt á öðru en að bregðast við.

Þetta er rétt afstaða hjá ráðherranum. Skipulögð glæpastarfsemi er staðreynd á Íslandi. Hér hafa nýlega í fyrsta sinn fallið dómar í mansalsmálum, fyrir hryllilega og samvizkulausa glæpi. Fíkniefnasala fer sömuleiðis fram í vaxandi mæli í tengslum við skipulögð glæpasamtök og útlendar glæpaklíkur teygja anga sína hingað; senda jafnvel menn gagngert til Íslands til að fremja ofbeldisverk. Við þessu verður að sporna og ekki dugir að lögreglan á Íslandi hafi færri verkfæri en lögregla í nágrannalöndunum til að berjast gegn ófögnuðinum.

Samhliða tillögu sinni um að rýmka heimildir lögreglu leggur Ragna Árnadóttir til að strangt eftirlit verði haft með því hvernig heimildirnar verði notaðar. Annars vegar verði komið á sjálfstæðu innra eftirliti lögreglu. Hins vegar fylgist þingnefnd eða sérstök deild innan dómstóls með rannsóknum lögreglunnar, eða þá hvort tveggja. Fyrirkomulag með þessu eftirliti er með ýmsum hætti í nágrannalöndunum; sums staðar hjá dómstólum, annars staðar hjá sérstökum þingnefndum þar sem nefndarmenn eru þagnarskyldir. Eftirlit slíkrar þingnefndar, með fulltrúum allra flokka, ætti að draga úr áhyggjum sem komið hafa upp af því að stjórnvöld kynnu að misnota rýmri rannsóknarheimildir til að klekkja á pólitískum andstæðingum.

Tillaga um að beita heimild stjórnarskrárinnar til að banna félög með ólögmætan tilgang er einnig umdeild. Menn hafa látið í ljósi áhyggjur af að með því yrði vegið að félagafrelsinu. Hins vegar er fullkomlega réttmætt að banna samtök á borð við Vítisengla, sem sannað er að ástunda skipulagða glæpastarfsemi í nágrannalöndum okkar. Eins og Ragna Árnadóttir bendir á í Fréttablaðinu í gær, yrði mat á réttmæti þess að beita þessari heimild alltaf í höndum dómstóla og stjórnvöld yrðu að færa fullar sönnur á mál sitt.

Kjarni málsins er þessi: Við búum í harðari heimi en áður. Harðsvíraðir glæpamenn vilja gera Ísland að starfsvettvangi sínum. Við getum ekki setið með hendur í skauti og leyft þeim að vaða uppi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

RÝMINGARSALA

Hættum með gjafavöru og leikföng

Allt á **50-300** krónur

Opið 12-18

Bækur og leikföng
Langholtsvegur 42

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bjargað frá þjóðargjaldþroti

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framóknarflokksins, birti grein í Morgunblaðinu á laugardag um landbúnaðarmál. Hann fettir fingur út í þá gagnrýni sem komið hefur fram á íslenska landbúnaðarkerfið að undanförnu. Hann segir ljóst að landbúnaður spari Íslendingum gjaldeyri sem nemi tugum milljarða á ári og sé því mikilvægur liður í að tryggja öryggi þjóðarinnar. Sigmundur bætir svo við að vel megi halda því fram að íslensk matvælaframleiðsla hafi bjargað þjóðinni frá gjaldþroti í kjölfar efnahagshrunsins.



### Sérstök hagfræði

Þetta verður teljast sérstök hagfræði. Beinn og óbeinn kostnaður við landbúnaðarkerfið hefur verið metinn um 15 milljarðar á ári og sækir atvinnugreinin tvo þriðju hluta tekna sinna til ríkisins og þar með skattgreiðenda. Vandséð er hvernig atvinnugrein sem þarf slíkar upphæðir í niðurgreiðslu bjargar einu eða neinu á Íslandi. Skyldi Sigmundur telja ástæðu til þess að niðurgreiða framleiðslu fleiri vara til þess að spara gjaldeyri?

### Líta í eigin barm?

Rætt var við Björgvin Björgvinsson, yfirmann kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, í DV í gær vegna þeirrar aukningar sem orðið hefur á nauðgunum á Íslandi undanfarin tvö ár. Haft er eftir Björgvini að oftar en ekki séu þessi mál tengd mikilli áfengisnotkun og ekki á ábyrgð neins nema viðkomandi. Það verður að teljast með ólíkindum að lögreglumaður sem rannsaka á kynferðisbrot hafi þetta viðhorf til nauðgana. Er Björgvin einnig þeirrar skoðunar að fórnarlömb íkveikja geti sjálfum sér um kennt vegna ófullnægjandi brunavarna? **magnusl@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Ögmundur og Úkraína

Evrópumál



Andrés Pétursson
formaður Evrópusamtakanna

Töluverðar umræður hafa spunnist um grein Ögmundar Jónassonar alþingismanns um Evrópusambandið fyrir skömmu. Þar notaði þingmaðurinn mjög sérkennilegar líkingar úr mannkynssögunni til að leggja áherslu á mál sitt. Ögmundur hefur síðan reynt að klóra yfir þennan málflutning sinn, þegar betur hefði farið á því að hann bæðist afsökunar á þessum ósmekklega samanburði.

Ögmundur notaði orðið lífsrými (lebensraum) sem er tengt útþenslustefnu nasista í Þýskalandi órjúfanlegum böndum. Það er sama hvað hann reynir að útskýra að þetta hafi verið notað í óeiginlegri merkingu og gert í framhjáhlaupi. Það breytir ekki tengingunni í þetta dökka tímabil í sögu álfunnar. Baldur Þórhallsson, Grímur Atlason og Guðmundur Andri Thorsson hafa svarað þessu skilmerkilega og ætla ég því ekki að höggva í sömu knérunna.

En fyrst þingmaðurinn var að tengja sögu Evrópu við stækkun ESB langar mig að benda honum á þróun mála í Póllandi og Úkraínu. Þegar Pólland gekk í Evrópusambandið af fúsum og frjálsum vilja árið 1994 stækkaði „landssvæði“ (ef við notum hugtök Ögmundar) Evrópusambandsins um 6 prósent og íbúafjöldi um 10 prósent. Var þetta af hinu góða eða illa fyrir Pólland? Hefur Evrópusambandið sölsað undir sig auðlindir Pólverja, til dæmis skógana eða kolanámurnar? Svarið er nei, enda hefur Evrópusambandið engan rétt til þess. Það sem ég hef aldrei skilið eru þau rök nei-sinna að Evrópusambandið ætli sér svo að sölsa undir sig auðlindir Íslands, þegar ljóst er að það hefur aldrei gert það í öðrum aðildarlöndum.

Úkraínumenn, sem einnig liðu miklar hörmungar undir ógnarstjórn nasista, hafa reynt að tengjast Evrópusambandinu sterkari böndum. Þegar ESB stækkaði árið 1994 náði „landssvæði“ Evrópusambandsins að Úkraínu. Þessi A-Evrópustækkun var ein helsta ástæða þess að Rússar hættu við að senda herlið inn í landið þegar „appelsínugula“ byltingin átti sér stað í lok árs 2004. Úkraínumenn hafa því fagnað auknu „landssvæði“ Evrópusambandsins því það hefur leitt til frelsis og lýðræðisumbóta í allri álfunni en ekki nýlendukúgunar og hörmunga eins og Ögmundur gefur sterklega í skyn í grein sinni að muni gerast ef Ísland gerist aðili að ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Leiðtogaskortur

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Þeir sem eru svo lánsamir að fá virkilega góða kennara meðan þeir eru að mótast, hugsa gjarnan til þeirra með þakklæti ævina á enda. Fyrirtæki, sem stjórnað er af traustum forstjóra sem ber hag starfsmanna fyrir brjósti, og er uppörvandi, hreinn og beinn í samskiptum við undirmenn sína, skapar öryggi og vellíðan á vinnustað. Sá sem á foreldra sem eru jákvæðir og sjálfum sér samkvæmir, hvetjandi og traustir, búa að því það sem eftir er. Hið gagnstæða gerist hjá yfirspenntum kennara sem býr yfir þekkingu sem hann hefur ekki hæfileika til að miðla til annarra, forstjóra sem er ekki sjálfum sér samkvæmur, og þolir illa þá sem ekki tala upp í hann, og foreldrum, sem segja eitt og gera annað, gera upp á milli barna sinna og svívirða hvort annað í þeirra viðurvist.

Hvar sem við erum stödd í tilverunni er einhver eða einhverjir sem hafa umtalsverð áhrif á líðan okkar, gildismat og sjálfsöryggi. Leiðtogahæfileikar eru ekki endilega samferða gáfum, glæsimennsku og metnaði. Þegar mikið liggur við, fer ekki á milli mála hvort slíkir hæfileikar búa í þeim sem hefur verið trúað fyrir hagsmunum annarra, eða ekki. Leiðtogar í stjórnmálum bera víðtækari ábyrgð en þeir kannski gera sér grein fyrir. Afköst er ekki sama og árangur. Það er ekki nóg að vinna mikið, ef ekki er verið að gera réttu hlutina.

**Góða ríkisstjórnin**

Stjórnmál eru að því leyti til eins og knattspyrna, að ef félagi í KR, færi að halda með FH í leik milli liðanna, af því að leikmennirnir þar væru betri, jaðraði það við landráð. Þú stendur með þínu liði gegnum þykkt og þunnt. Samt er það nú svo, að kjörtímabil ríkisstjórna er fjögur ár, og það er í allra þágu að hún standi sig.

Að óska henni ófarnaðar er eins og að vera farþegi á skipi í úfnum sjó og vonast til að skipstjórinn sigli í strand, af því hann er ekkert skyldur farþegunum. Hinsvegar fer ekki hjá því að fólk staldri við þegar það fær á tilfinninguna að áttavitinn sé ekki í lagi.

Ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms tók við stjórnartaumum á erfiðum tímum, bæði þekkt fyrir heiðarleika, staðfestu og sérvisku, en ekki framsýni. Málflutningur þeirra og samherja þeirra var nánast alfarið byggður á því hvað fólkið í Sjálfstæðisflokknum væri spillt og óhæft. Nú kæmi vor eftir langan vetur í íslenskum stjórnmálum. Heiðarlega fólkið var mætt á staðinn. Nýtt Ísland að verða til. Héðan í frá væri allt uppi á borðum. Engin leynd. Sérhagsmunir liðin tíð. Gagnsæið tekið við.

Vönduð vinnubrögð tekin upp í stjórnsýslunni. Norræna velferðakerfið í augsýn.

Vondu karlarnir í Ameríku ekki virtir viðlits. Valdagræðgi stjórnarsinna ekki liðin. Samhent ríkisstjórn. Fyrir fólkið.

Hvernig hefur ríkisstjórn góða og heiðarlega fólksins svo reynst?

**Enginn ágreiningur**

Ágreiningur milli stjórnarflokkanna heitir ekki ágreiningur, heldur skiptar skoðanir, og skoðanafrelsið er virt – þegar þess gerist þörf. Samstarfið er alls ekki í hættu.

Hefur aldrei verið. Allir eru einhuga um fyrsta boðorðið: Ríkisstjórnin situr, hvað sem í skerst. Einn virtasti ráðherrann segir af sér af hugsjónaástæðum. En það er hreint ekki ágreiningur í flokknum hans þegar hann er spurður. Ráðherrarnir eru ekki endilega á einu máli og ræða það opinberlega. Forsætisráðherra ræðir um persónulegar skoðanir sínar á samherja sem á undir högg að sækja og hún vill bersýnilega losna við. Ráðherra, sem hún réði, á líka undir högg að sækja, en hann er saklaus. Ráðningar án auglýsingar, eins og gerðist víst hjá vonda fólkinu, eru enn í gildi. Fólk er ráðið og ráðningin dregin til baka. Bara misskilningur.

Sumir ráðherrar, til dæmis heilbrigðisráðherra og sjávarútvegsráðherra virðast líta á ráðuneytin sem þeir þjóna eins og prívatheimili sín, þar sem þau geta þjónað lund sinni og áhugamálum að vild. Heilbrigðisráðherra hefur engar áhyggjur af landflótta lækna, vegna stefnu og framkomu ráðherrans. „Þetta er ekkert vandamál, þeir koma aftur.“ Tveggja vikna bið eftir tíma hjá heimilislækni stendur ráðherranum ekki fyrir svefni frekar en annað. Í gær kom fram að ráðherrann hefði sett stjórn Sjúkratrygginga af og skipað nýja. Skýringin: Til að færa stofnunina nær ráðuneytinu. Vísast er það fyrst og fremst til að færa flokkssystkini ráðherrans nær honum. Það hefur verið mikið óþol þar á bæ í þeim efnum.

> Heiðarlega fólkið var mætt á staðinn. Nýtt Ísland að verða til. Héðan í frá væri allt uppi á borðum. Engin leynd.

Skattar eru hækkaðir og meiri hækkanir boðaðar. Laun lækkuð. Efling atvinnulífsins felst í tímabundnum verkefnum. Ekki horft til lengri tíma. Fordómar gegn virkjun orkunnar eru allsráðandi.

Forsætisráðherra landsins er lítið sýnilegur. Og hvorki hann né fjármálaráðherrann, þótt knár sé og vinnusamur, eru sú forysta sem vekur traust og glæðir kraft og bjartsýni hjá almenningi á erfiðum tímum. Þau eru meira eins og duglegir ríkisstarfsmenn, en leiðtogar. Því miður.

AF NETINU

**Ömurleg umræða**

Er stærsti skandallinn varðandi myntkörfulán virkilega svar Gylfa Magnússonar í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi um lögmæti þessara lána, þegar öllum var ljóst um lögfræðilegan ágreining?

Er skandallinn ekki rænulausar eftirlitstofnanir sem létu þetta viðgangast, nú eða þá pólitíkusar sem skrifuðu lögin sem bönnuðu lán af þessu tagi, en fóru svo umsvifalaust að sofa þegar þeir voru komnir uppí Seðlabanka þar sem þeim var í lófa lagið að tryggja að lögunum sem þeir sjálfir höfðu skrifað væri fylgt eftir af einhverju viti?

Enn og aftur eru brennuvargarnir að ráðast á slökkviliðið, og nú jafnvel vegna klúðurs (á maður að kalla íkveikju?) sem er algerlega á þeirra eigin ábyrgð. Þetta virðist vera sama sagan aftur og aftur í íslenskri umræðu. Þetta er nánast að verða eins og einhver hallærisklisja.

Gylfi Magnússon, sem yfirmaður Seðlabankans, sparkaði auðvitað æðstaprestinum úr Seðlabankanum með lagabreytingu sem var keyrð í gegn af honum sjálfum og Jóhönnu. Síðan þá hafa tilteknir aðilar verið með Gylfa á heilanum, sem og auðvitað Jóhönnu sem og Má Guðmundsson. Og ekkiskandalarnir spretta upp eins og gorkúlur.

Þetta er í sjálfu sér mannlegt og maður skilur tilfinningarnar sem búa að baki, eins langt og það nær. En þurfa allir aðrir að taka þátt í þessum vitleysisgangi líka?

gautieggertsson, blogcentral.is

Gauti B. Eggertsson



# Hvað er faglegt hæfnismat í ráðningum?

Ráðningar



Ásta Bjarnadóttir
doktor í vinnusálfræði og höfundur bókarinnar Starfsmannaval


Starfsmannaval og ráðningarferli mynda eitt stærsta rannsóknasviðið innan vinnu- og skipulagssálfræðinnar. Í slíkum rannsóknum er megindlegri aðferðafræði beitt til að kanna forspárgildi mismunandi valaðferða fyrir frammistöðu einstaklinga í starfi. Þannig hefur á síðustu áratugum orðið til viðamikil þekking sem tiltölulega auðvelt er að hagnýta.

Opinber umræða um ráðningarferli á Íslandi hefur aðallega snúist um þær kröfur sem stjórnsýslulög og upplýsingalög gera til ráðninga í opinbera geiranum. Þær faglegu aðferðir sem þróaðar hafa verið af vinnusálfræðingum eru hins vegar óháðar lagaramma ráðningarferlisins, enda er markmið þeirra einfaldlega að velja þann einstakling sem skila muni bestum árangri í starfi.

Í þessari grein verður fjallað um einkenni þess sem kalla má „faglegt hæfnismat“ í starfsmannavali, og vísar hugtakið „faglegt“ þá til hagnýtingar á ofangreindum niðurstöðum rannsókna.

### Skilgreining á hæfniskröfum

Fyrsta skref í faglegu hæfnismati er að gera skriflega greiningu á starfinu og í framhaldi af því greiningu á hæfniskröfum, þ.e. þeim eiginleikum sem sá sem gegnir starfinu þarf að hafa. Þetta má byggja á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við einstaklinga sem þekkja vel til starfsins og markmiða ráðningarinnar.

Hæfniskröfur snúast að efni til oftast um þekkingu (þ.e. að vita eitthvað), færni (þ.e. að geta gert eitthvað), getu (hugræna eða líkamlega) og viðbótarþætti svo sem persónuleika, viðhorf, áhuga og fleira. Skilgreina þarf hvað eru ófrávíkjanlegar hæfniskröfur, þ.e. kröfur sem leiða til þess að einstaklingar eru útilokaðir frá því að vera ráðnir, og hvað eru kröfur sem eru þess eðlis að aðrir styrkleikar geti bætt upp veikleika. Ekkert mælir á móti því að setja inn í hæfniskröfur huglæga þætti, svo fremi að þeir séu málefnalegir og menn geti með einhverjum hætti metið þá, en óæskilegt er að breyta hæfniskröfum eftir að starfið er auglýst. Markmiðið er að efnislegt samræmi milli hæfniskrafna, starfsauglýsingar, matsferlis og skýrslugerðar verði mjög náið.

### Framkvæmd matsins

Þegar hæfniskröfur hafa verið skilgreindar þarf að velja þær aðferðir sem nota skal til að meta einstaklingana á hverjum þætti. Dæmi um matsaðferðir eru ráðningarviðtöl, skrifleg próf, sýnishorn vinnu og umsagnir (meðmæli). Matsaðferðir eru sem slíkar hlutlausar að innihaldi, en eiga að fá inntak sitt frá þeim hæfniskröfum sem skrifaðar voru áður. Ráðningarviðtöl, sýnishorn vinnu og umsagnaviðtöl þarf því að þróa fyrir hvert og eitt starf, en sálfræðileg próf eru almennt fyrirliggjandi og kúnstin er þá að velja próf sem henta.

Rannsóknir hafa sýnt að ráðningarviðtöl veita betri forspá um frammistöðu ef þau eru formföst, þ.e. ef allir umsækjendur eru spurðir sömu spurninga í sömu röð. Allir viðstaddir ættu að taka minnispunkta í viðtalinu og klára sitt mat sjálfstætt áður en hópurinn ræðir saman um umsækjendurna. Bestur árangur næst ef þeir sem taka viðtalið meta gæði hvers svars á tölulegum kvarða, til dæmis frá 0-10, þegar búið er að svara.

Þá benda rannsóknir til að betri árangur náist í ráðningarviðtölum ef spurningarnar í viðtalinu eru hegðunartengdar, en þá er beðið um dæmi um fyrri hegðun, eða spurt um ætlaða hegðun í ímynduðum aðstæðum í starfinu. Dæmi um þetta eru spurningar sem byrja á: „Geturðu sagt mér frá dæmi um þegar þú ...“ eða „Hvað myndir þú gera ef ...“ Þessar spurningar þarf að skrifa með náinni hliðsjón af hæfniskröfunum sem settar voru fram í upphafi.

Lítil hefð er fyrir notkun sálfræðilegra prófa og sýnishorna af vinnu í starfsmannavali á Íslandi. Erlendar rannsóknir benda þó til að þessar aðferðir geti veitt mjög góða forspá um frammistöðu í starfi. Hugræn getupróf veita almennt betri forspá um frammistöðu í starfi heldur en persónuleikapróf, en þau síðarnefndu geta þó einnig verið gagnleg. Eðli starfsins stýrir því hvernig best er að útfæra sýnishorn af vinnu, en gagnstætt því sem margir halda er vel hægt að nota sýnishorn af vinnu þó starfið sé flókið. Til dæmis má biðja umsækjendur að skoða mikilvæga samninga eða önnur skjöl tengd starfinu og skrifa stutta greinargerð um álit sitt á þeim.

Margra áratuga rannsóknir í vinnusálfræði benda til þess að umsagnir (meðmæli) veiti frekar lélega forspá um frammistöðu í starfi. Ólík sjónarhorn ólíkra umsagnaraðila valda því að erfitt er að bera saman niðurstöður umsagna, og auk þess dregur það úr aðgreiningarmætti umsagna að umsagnaraðilar eru yfirleitt valdir af umsækjendum sjálfum. Hægt er að bæta árangur af notkun umsagna með því að afla þeirra með fyrirfram skrifuðum spurningalistum, sem byggjast á þeirri greiningu á hæfniskröfum sem gerð var í upphafi.

Ef hæfnismatið samanstendur af ráðningarviðtali, sýnishorni vinnu, sálfræðilegu prófi og umsögnum, sem öll eru nátengd við hinar upprunalegu hæfniskröfur, þá má segja að fjórar mismunandi aðferðir hafi verið notaðar til að mæla hæfni umsækjendanna á þeim hæfnisþáttum sem skilgreindir voru. Fjölþætt mæling bætir áreiðanleika hæfnismatsins verulega.

### Ákvarðanataka í lok mats

Ef sá sem ber ábyrgð á ráðningunni er ekki sá sami og tók öll viðtölin og safnaði öllum umsögnunum er nauðsynlegt að koma niðurstöðum matsins á tölulegt form. Að öðrum kosti er ekki hægt að bera saman umsækjendurna á neinn rekjanlegan eða sannreynanlegan hátt. Munnleg svör í ráðningarviðtölum og frá umsagnaraðilum þarf að skrifa upp og geyma til mögulegrar skoðunar í framtíð. Þetta er sérstaklega mikilvægt í stjórnsýslunni, en er góð regla fyrir alla aðra einnig, því erfitt er að muna öll efnisatriði viðtala eða umsagna.

Ef mati hefur verið komið á tölulegt form er einfalt að setja mismunandi vægi á hina ýmsu þætti, en slíkt ætti helst að ákveða fyrirfram. Til dæmis gæti hæfni í mannlegum samskiptum, sem könnuð er í ráðningarviðtali og umsögnum, haft tvöfalt vægi á við aðrar hæfniskröfur.

Til að mat geti talist faglegt er nauðsynlegt að skýrslur eða álitsgerðir um hæfni umsækjenda séu nátengdar við þær hæfniskröfur sem fram komu í upphafi, og að skýrt sé tekið fram hvernig hver og einn þáttur var metinn (viðtal, umsagnir, próf, sýnishorn vinnu). Í niðurstöðum er þá lagt mat á stöðu manna á hverri hæfniskröfu, í stað þess að segja að viðkomandi hafi fengið „góð meðmæli“ eða „staðið sig vel í viðtali“.

Það er bæði einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og samfélaginu fyrir bestu að réttur maður sé á réttum stað, og enginn einn þáttur hefur eins afgerandi áhrif á árangur skipulagsheildar eins og hvernig til tekst með ráðningar lykilstarfsmanna. Því vona ég að sem flestir nýti sér þá aðferðafræði sem hér er lýst, og þá sérstaklega þeir sem bjóða öðrum þjónustu á þessu sviði.

# Engin breyting

Evrópumál



Adolf Guðmundsson
formaður LÍÚ


Ummæli mín í viðtalsþætti á Rás 2 þann 4. ágúst sl., sem slitin voru úr samhengi við annað sem ég hafði sagt, urðu Fréttablaðinu tilefni fréttar þann 10. ágúst síðastliðinn þó að öllum fjölmiðlum hafi þann 6. ágúst sl. verið send yfirlýsing þar sem tekin voru af öll tvímæli um afstöðu LÍÚ til aðildar Íslands að ESB. Yfirlýsing mín var svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni vill undirritaður árétta að engin breyting hefur orðið á afstöðu LÍÚ til aðildar að Evrópusambandinu. Ummæli mín undir lok viðtals í síðdegisþætti á Rás 2 sl. miðvikudag voru í fréttum RÚV síðar þann sama dag af einhverri ástæðu slitin úr samhengi við annað sem ég hafði sagt fyrr í þættinum.

LÍÚ hefur um árabil lýst þeirri afstöðu samtakanna að Ísland eigi ekki erindi inn í Evrópusambandið. Ríkisstjórn Íslands sótti hins vegar um aðild að ESB þvert á vilja meirihluta þjóðarinnar. Ég lýsti því í viðtalinu að ég teldi óraunhæft að reikna með því að umsóknin yrði dregin til baka og átti þá við að ég sé engin merki þess að ríkisstjórnin geri það, sem þó væri auðvitað hið eina rétta í málinu. Í ljósi þess bæri okkur skylda til þess – eins og ávallt þegar hagsmunir Íslands eru í húfi – að ná eins góðum samningum fyrir Íslands hönd og kostur væri.

Ég tel að það komi strax í ljós í aðildarviðræðunum, að það eru engin líkindi til þess að við náum viðunandi samningi fyrir Íslands hönd eins og ég lýsti í viðtalinu.“

Ég fer þess hér með góðfúslega á leit við fjölmiðla og ýmsa þá sem eru hlynntir aðild að ESB, að þeir láti af því að vitna í ummæli mín með þeim hætti að slíta þau úr samhengi við annað sem sagt var á fyrrgreindum vettvangi.


**TIL LEIGU Í STANGARHYL 7**

464 fm iðnaðar og lagerhúsnæði á jarðhæð með góðri innkeyrsluhurð Leiga kr 800 pr.fm. Lofthæð c.a. 4m

386 fm skrifstofuhúsnæði á 1 hæð áður Sjúkraþjálfun leiga kr 1000 pr.fm

140 fm flott skrifstofuhúsnæði á 1 hæð Leiga kr 1200 pr.fm

50 fm skrifstofuhúsnæði á 2 hæð Leiga kr 1000 pr.fm

**TIL LEIGU Í VAGNHÖFÐA 7**

407 fm iðnaðar oglagerhúsnæði í kjallara, innkeyrsluhurð með aðgengi niður ramp. Leiga kr 600 pr.fm. Lofthæð c.a. 3m

**Upplýsingar í síma 849 9987 og 895 8299**


# Góð frjálshyggja, vont fólk?

Frjálshyggja



Jón Þór Pétursson
þjóðfræðingur


Þorsteinn Siglaugsson fór fram á það í nýlegri grein í Fréttablaðinu að frjálshyggjan yrði hreinsuð af ásökunum um að hafa átt einhvern þátt í efnahagshruni Íslands. Þetta er að sjálfsögðu fróm og góð bón þess sem hefur góðan málstað að verja.

### Stalín var einn í heiminum

Þegar farið var að vinda ofan af ógnarverkum Stalíns og einræðisstjórnar hans fór fljótlega að bera á því meðal margra vinstri manna að þetta hefði nú ekki verið kommúnismanum að kenna heldur ofsóknaróða klikkhausnum Stalín. Núna er víst ekkert frjálshyggjunni að kenna heldur vondum einstaklingum sem gáfu skít í hina hreinu hugmyndafræði.

Athyglisverðast í grein Þorsteins að mínu mati eru ekki orsakaskýringarnar á hruninu heldur það sem hann skautar yfirborðskennt yfir til að byrja með og tengir á undarlegan hátt að lokum við hugmyndafræði frjálshyggjunnar. Rétt áður en Þorsteinn varpar fram þrefaldri orsakaskýringu á hruninu (röng peningamálastefna, óábyrg efnahagsstjórn og óhagkvæmar ríkisfjárfestingar) skautar hann yfir frátalda „spillingu og reynsluleysi eftirlitsaðila og stjórnmálamanna“.

Ég er ekki ósammála að ríkisbatteríinu hafi verið illa stjórnað en finnst áhugavert hvernig hann setur fram orsakasamhengi og þá sérstaklega sem snýr að jafn yfirgripsmikilli hugmyndafræði og frjálshyggjan er. Það sem má glöggt lesa út úr ummælum hans (eins og svo ótalmargra undanfarin ár) er að þetta hafi ekkert með stefnuna að gera heldur hafi óprúttnir aðilar misnotað aðstöðu sína. Frjálshyggjan er hugmyndafræði sem trúir því að (flest)öll ríkisafskipti séu slæm í eðli sínu, ef ekki hreinræktað ofbeldi. Hugmyndafræðin er í eðli sínu á móti öllu regluverki sem getur haft einhver áhrif á eða hindrað frjálsa einstaklinga í að fara sínu fram þegar þeir vilja fara sínu fram. Eftir að stjórnvöld á sínum tíma, þá Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, höfðu einkavætt bankana með svona glimrandi árangri tóku frjálsir andar til við að gera það sem þeim sýndist. Fólk í viðskiptum komst upp með að gera það sem því sýndist af því að yfirvöldin sem gáfu því til að takmarka frelsi sumra einstaklinga til þess að skaða aðra einstaklinga. Hugmyndafræði frjálshyggjunnar lagði spillingunni til þann farveg sem hún rann óhindrað eftir.

Það sem einkennir hugmyndafræði er það hversu umlykjandi hún er. Heimsmynd fólks mótast af hugmyndafræði og margir ganga ótrúlega langt til þess að verja heimsmynd sína hverju sinni. Vinstri menn gerðust sekir um þetta með kommúnismann og hægri menn nú með frjálshyggjuna. Skýringar á hruninu hafa meira að segja fylgt hugmyndafræði frjálshyggju og einstaklingshyggju í svo fullkominni blindni að á tímabili var talað um „siðblindu“ sem helstu orsök hrunins. Að tala um einstaklingsbundna siðblindu er náttúrulega ekkert annað en friðþæging fjöldans sem tók þátt í að skapa kerfið. Og um leið og slíkum einstaklingsmiðuðum skýringum er haldið frá viðheldur það kerfinu sem það þykist vera að gera upp við. Þetta var jú engum að kenna nema þessum siðspilltu klikkhausum.

> Spillingin og eftirlitsleysið stóð ekkert fyrir utan hugmyndafræði frjálshyggjunnar heldur er möguleikinn á að misnota aðstæður hluti af kerfinu sjálfu.

bankana sáu til þess að þau yrðu ekkert trufluð við gróðabrallið í formi regluverks og eftirlits. Samkvæmt hugmyndafræðinni átti markaðurinn að hafa eftirlit með sjálfum sér og hver heilvita manneskja sér hversu gott fyrirkomulag það hlýtur að vera.

### Hugmyndafræði einstaklinga

Spillingin og eftirlitsleysið stóð ekkert fyrir utan hugmyndafræði frjálshyggjunnar heldur er möguleikinn á að misnota aðstæður hluti af kerfinu sjálfu. Spillingin þreifst í skjóli þess að ekkert var þess megnugt að afhjúpa hana og koma böndum yfir hana. Hægri öfl höfðu markvisst dregið úr öllu regluverki og öllu eftirliti sem er venjulega hugsað til þess að reyna að lágmarka spillingu. Eftirlitsstofnanir voru sjálfstæðar að nafninu til en um leið voru þær háðar fjárveitingum frá Alþingi og sjálfstæði þeirra í raun lítið. Enda kom það í ljós þegar farið var að skoða málin að stofnun á borð við Fjármálaeftirlitið var allskostar óhæf til þess að gera eitt né neitt, það sama átti við um fleiri stofnanir. Stjórnmálamenn voru þannig að framfylgja hugmyndafræðinni þegar þeir drógu úr öllu regluverki og eftirliti sem hugsað var

Þorsteinn endar grein sína á að tala um að sjálfstæðismenn þurfi ekki að gera upp við hugmyndafræðina heldur hvernig þeir hafi vikið frá henni. Stjórnvöld, með sjálfstæðismenn í broddi fylkingar, aðhylltust um langt skeið kenningar frjálshyggjunnar og hrintu þeim í margvíslegu formi í framkvæmd. Einkavæðing, afnám regluverks og eftirlits vegur þar þyngst. Ef sjálfstæðismenn endurskoða ekki hugmyndir sínar um frjálshyggjuna sem og samspil einstaklinga og hugmyndafræði mun ekkert breytast hjá stórum hópi fólks. Eftir stendur fögur heimsmynd og sviðin jörð.



**BLÁBER** eru meinholl og full af andoxunarefnum sem vinna á móti hrörnun líkamans auk þess sem þau eru algjört sælgæti. Nú er rétti tíminn til að drífa alla í fjölskyldunni út í móa og tína af kappi.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447












Alissa Rannveig Vilmundardóttir læknanemi hjólar í kringum landið til að styrkja Rannsóknarstofu í krabbameinsfræðum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ökumenn flestir kurteisir

**Alissa Rannveig Vilmundardóttir læknanemi lýkur tíu daga hjólaferð um landið á morgun. Ferðina fór hún til styrktar Rannsóknarstofu í krabbameinsfræðum. Hún býður fólki að fylgja sér síðasta spölinn.**

Þegar næst í Alissu Rannveigu Vilmundardóttur kastar hún mæðinni stutta stund og gefur sér tíma til að ræða við blaðamann áður en hún leggur á Öxnadalsheiðina. „Það gengur allt eftir áætlun og betur en ég þorði að vona,“ segir Alissa hress í bragði þrátt fyrir að hafa lent í köflóttu veðri.

Tæpir þúsund kílómetrar eru að baki þegar hér er komið við sögu og því um 350 kílómetrar eftir af hringferð hennar um landið sem hófst mánudaginn 9. ágúst og lýkur á morgun. Tilgangur ferðarinnar er að safna peningum til styrktar Rannsóknarstofu í krabbameinsfræðum. „Það hefur lengi verið draumur minn að gera eitthvað stórt fyrir verðugt málefni,“ upplýsir Alissa en sem læknanemi hefur hún kynnst starfi rannsóknarstofunnar og segir hana framarlega á sínu sviði í heiminum.

Önnur ástæða þess að rannsóknarstofan varð fyrir valinu er sú að Alissa hefur misst báðar ömmur sínar og litla frænku úr krabbameini. „Ég hef haft þær í huga meðan ég hjóla,“ segir hún.

En er ekki erfitt að hjóla í þéttri umferðinni á þjóðvegi 1? „Nei, ég hef fengið alveg frábærar móttökur í umferðinni. Fólk veifar og ökumenn eru langoftast kurteisir og taka tillit til mín,“ segir hún en viðurkennir þó að hafa lent í einu óþægilegu atviki rétt vestan við Höfn.

„Ég var komin að einbreiðri brú og sá að bíll sem kom á móti var töluvert langt í burtu og ákvað að láta vaða yfir, enda brúin stutt. Ég var komin rúmlega hálfa leið yfir þegar ég sá að bíllinn hægði ekkert á sér, en þetta var stór jeppi með hjólhýsi í eftirdragi,“ lýsir Alissa sem leist ekki á blikuna að fá jeppann beint í flasið. Þar sem brúin var mjó og jeppinn breiður hafði hún ekki val um annað en að stökkið fór hún illa í hnénu. „En ég er búin að ná mér núna.“

Að öðru leyti hefur ferðalagið gengið stórslysalaust fyrir sig, fyrir utan það að annað dekkið sprakk á laugardaginn. Þá kom það sér vel að foreldrar Alissu fylgja henni á bíl og gátu þannig komið henni til hjálpar.

Alissa áætlar að vera komin til Reykjavíkur á morgun. Hún býður öllum þeim sem vilja, að hitta hana á planinu hjá Snæfellsvídeói í Mosfellsbæ klukkan 17 og hjóla með henni síðasta spottann að Læknagarði þar sem Rannsóknarstofa í Krabbameinsfræðum er til húsa. Þar mun Vigdís Finnbogadóttir, verndari ferðarinnar, afhenda forstöðukonum Rannsóknarstofunnar skjal til marks um það sem hefur safnast. Einnig verður boðið upp á léttar veitingar.

Þeir sem vilja styrkja átakið geta hringt í styrktarlínuna 904-1339 sem verður opin áfram, en nánari upplýsingar má nálgast á facebook.com/okkar.leid. Einnig er hægt að fylgjast með ferðalagi Alissu á depill.is/okkar.leid.

*solveig@frettabladid.is*



**FYLGISEÐLAR LYFJA** eru í langflestum tilfellum á íslenskum. Mikilvægt er að lesa fylgiseðlana alltaf vel áður en inntaka lyfjanna hefst.




**Sundleikfimi:**
Okkar frábæra sundleikfimi er að hefjast á ný í sundlaug Hótel Loftleiða.
Kennt er á mánud. og miðvikud. kl. 20.00.
Eldri borgarar á þriðjud. og fimmtud. kl.13.30.
Vinsamlega skráið ykkur fyrir 19. ágúst.
Námskeiðin standa í 8 vikur.
Kveðja,
starfsfólk sundlaugar
Hótel Loftleiða.
Sími: 444-4085 / 662-0485





FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



Stelpur Konur
S&S
Staðurinn - Ræktin
stutt og strangt
NÝTT!
Stutt og strangt
Skráning alltaf í gangi! Sími 581 3730
Vetrarnámskeið hefjast 30. ágúst
Komdu þér í gang!
- 2ja vikna námskeið 5x í viku í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 5 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs
Verð aðeins kr. 10.000.
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is



VERÐ-
HRUN
60–80% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
OG SKÓM
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is




Hlíf Steingrímsdóttir, yfirlæknir blóðlækningadeildar, segir meðferðina hafa gefist vel hér á landi.



Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans, segir gaman að Íslendingar geti loksins farið að gefa stofnfrumur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskir stofnfrumugjafar leggja sitt af mörkum

**Þrír Íslendingar hafa gefið stofnfrumur til óskyldra einstaklinga úti í heimi á undanförnum fimm árum. Hérlendis eru skráðir um þúsund stofnfrumugjafar en alls í heiminum eru þeir í kringum tólf milljónir.**

„Nú þegar hafa þrír íslenskir blóðgjafar gefið stofnfrumur til óskyldra einstaklinga úti í heimi,“ segir Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans. Hann tekur fram að skráðir stofnfrumugjafar um heiminn séu að minnsta kosti tólf milljónir og Íslendingar eru um þúsund þeirra. Þetta hefur verið að gerast á síðustu fimm árum. „Við eigum nú þegar um það bil þúsund einstaklinga sem eru vefjaflokkaðir í stofnfrumugjafaskránni og úr þeim hópi hafa þrír gefið og hugsanlega fleiri í farvegi. Það er gaman að við erum ekki bara að halda uppi stofnfrumugjafaskrá heldur erum við farin að geta gefið.“

Sveinn segir þessa þróun vera merkilega fyrir þær sakir að hingað til hafa Íslendingar einungis verið þiggjendur stofnfruma frá útlöndum. Hann segir þetta hafa orðið mögulegt vegna mikils og góðs samstarfs við norsku stofnfrumugjafaskrána. „Í alþjóðlegu samstarfi held ég að þetta sé mjög merkilegt og gott að við séum þátttakendur en ekki einungis þiggjendur.“

Sjúklingar sem þurfa á stofnfrumumeðferð að halda hérlendis eru oftast með sjúkdóma á borð við eitlaæxli, mergæxli og hvítblæði. Ef sjúklingur þarf stofnfrumur eru þær teknar úr honum sjálfum, ættingum eða fengnar frá óskyldum gjöfum af stofnfrumugjafaskrá um heiminn að sögn Sveins.

Seint á árinu 2003 hófst háskammtalyfjameðferð með stofnfrumustuðningi hér á landi í samstarfi Blóðbankans og blóðlækningadeildar Landspítala háskólasjúkrahúss. Þá eru teknar stofnfrumur úr sjúklingnum sjálfum og þær græddar í hann aftur að lokinni lyfjameðferð. Þegar sjúklingur þarf stofnfrumur úr stofnfrumubanka er hann þó enn sendur til útlanda, oftast til Svíþjóðar. Þar dveljast sjúklingarnir í allt að þrjá mánuði.

Hlíf Steingrímsdóttir, yfirlæknir blóðlækningadeildar hjá Landspítalanum segir meðferðina hafa gefist mjög vel hér á landi en 92 fóru í hana á árunum 2004 til 2009. Fyrsta árið voru sjúklingarnir tólf og á síðasta ári nítján en það stefnir í svipaðan fjölda í ár. „Þetta hefur gengið mjög vel hérna hjá okkur og árangurinn hefur verið mjög svipaður og gerist erlendis. Það eru um það bil tuttugu sjúklingar á ári sem fara í gegnum meðferðina hér á landi og þá aðallega sjúklingar með mergæxli og eitlakrabbamein,“ segir Hlíf. *martaf@frettabladid.is*




ÞRIÐJUDAGSBRJÁLÆÐI
Skokkar
áður 14.990
Nú 7.990
St. s-xxxl
Gallaskokkar
áður 12.990
Nú 7.990
St. s-xxl
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




Um helmingur Íslendinga hefur verið bólusettur gegn svínaflensunni.

## Hættuástandi verið aflýst

**Viðbúnaðarstig vegna svínaflensu hefur verið lækkað.**

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst því yfir að heimsfaraldur svínainflúensu sé genginn yfir og hefur viðbúnaðarstig vegna faraldursins því verið lækkað. Stofnunin hvetur þó til ýtrustu árvekni þar sem reynslan hafi sýnt að heimsfaraldrar geti gengið yfir í síðari bylgjum sem erfitt sé að spá fyrir um.

Viðbúnaðarstig hér á landi hefur því verið lækkað úr hættustigi niður á óvissustig. Áfram verður fylgst með útbreiðslu og afleiðingum sýkinga af völdum svínaflensunnar hér á landi og erlendis svo hægt sé að bregðast við ef þörf er á. Vakin er athygli á að hér á landi er til nægilegt bóluefni ef til þess kemur að þurfi að nota það en um helmingur Íslendinga hefur nú þegar verið bólusettur. *- eö*

# heilsa og lífsstíll

ÞRIÐJUDAGUR 17. ÁGÚST 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


GLEÐIÞJÁLFUN

Púlsinn
námskeið
www.pulsinn.is




**● FRAMÚRSKARANDI LÍKAMLEG OG ANDLEG ÚTRÁS** Í Veggsporti við Gullinbrú hefur verið boðið upp á skvass í 23 ár. Skvass er enn á ný í vaxandi sókn og æ fleiri sem vilja láta til sín taka á skvassvellinum. Í haust verða í boði byrjendatímar fyrir fullorðna, en mikilvægt er að gefa sér tíma í grunntækni skvassins því þá eru iðkendur þess fljótari að komast á bragðið.

Vinsæl barna- og unglingakennsla í skvassi verður áfram í boði, en hentugt er fyrir börn að byrja í skvassi um tíu ára aldur, þótt börn niður í átta ára hafi sótt kennsluna og er í góðu lagi ef virkilegur „bolti er í þeim", eins og Veggsportsmenn orða það. Æfingar eru þrisvar í viku, en þjálfun felst í því að halda rétt á spaðanum, slá boltann rétt, og ýmsum tækniatriðum og úthaldi.

Skvass þykir hin fullkomna hreyfing þar sem lítill tími fer í ástundun þess og brennsla er mikil. Þá þykir andleg útrás ekki síður góð en sú líkamlega, þar sem íþróttin er harðfylgin mjög og ágeng.

Sjá stundaskrá haustsins á www.veggsport.is.



Drífa og Ágústa bjóða alla velkomna í ný heimkynni Jógastúdíós við Seljaveg.

# Frítt í jóga í vikunni

Í tilefni þess að Jógastúdíó var opnað á nýjum stað á Seljavegi 2 í gær, verður frítt í alla tíma út þessa viku. „Við vorum áður með aðstöðu í Veggsporti uppi á Höfða, en ákváðum að byggja alvöru jógaumhverfi í kringum stúdíóið þar sem fólk gæti slappað af og látið sér líða vel," segir Drífa Atladóttir jógakennari sem rekur Jógastúdíó ásamt Ágústu Kolbrúnu Jónsdóttur jógakennara.

Aðstandendur Jógastúdíós hafa síðasta hálfa mánuðinn lagt nótt við dag til að standsetja hið nýja húsnæði sem er í gamla Héðinshúsinu. Þar hafa þær Drífa og Ágústa yfir að ráða um 200 fermetrum með flottum sal, vel útbúnum klefum og róandi andrúmslofti.

Í Jógastúdíói er boðið upp á tíma í hatha-jóga, hot-jóga, kraftjóga, mömmujóga og krakkajóga og getur því hver fundið eitthvað við sitt hæfi.

Eins og áður sagði er frítt í alla tíma þessa vikuna en einnig er boðið upp á góðan afslátt af öllum kortum.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.jogastudio.is.




**Menningarnótt**

**Sérblað fylgir með Fréttablaðinu fimmtudaginn 19 ágúst.**

MENNINGARNÓTT 21.08. 2010

**Auglýsingapantanir eru hjá:**
Bjarna Þór Sigurðssyni
bjarnithor@365.is
Hlyn Þór Steingrímssyni
hlynurs@365.is
Sigríði Hallgrímsdóttur
sigridurh@365.is





Hulda Lilja varð Íslandsmeistari í siglingum á Topper Topas bát, ásamt Hilmari bróður sínum. Fyrir aftan hana sést í eina kvensiglarann á Laser, Lilju Gísladóttur. MYND/RÚNAR ÞÓR BJÖRNSSON

# Enn meira gaman að vera í stífari vindi og öldum

**Hin sextán ára Hulda Lilja Hannesdóttir er ein fárra stúlkna sem keppa í siglingum hér á landi. Hún og Hilmar tvíburabróðir hennar eru á sama báti og urðu Íslandsmeistarar í annað sinn um síðustu helgi í Topper Topas flokki.**

„Það er gaman að hafa einhvern að keppa með. Hilmar stýrir en ég er áhöfnin og sé um framsegl, belgsegl, kíki og kjöl. Við hjálpumst að og erum alltaf að tala saman um hvað við getum gert betur." Þannig lýsir Hulda Lilja samstarfi sínu og Hilmars bróður síns. Þau sigruðu í sínum flokki á Íslandsmótinu í siglingum sem fór fram á Pollinum á Akureyri um nýliðna helgi.

Hulda kveðst hafa byrjað í siglingum sumarið 2004. „Ég fór á leikjanámskeið hjá klúbbnum Siglunesi í Nauthólsvík með bróður mínum og okkur þótti mjög gaman. Árið 2007 fórum við svo bæði að æfa og keppa hjá klúbbnum Brokey," lýsir hún og segir mjög fáar stelpur í þessu sporti. „En systir okkar, Lína Dóra sem er nýorðin 13 ára, byrjaði ári á eftir okkur Hilmari. Við drógum hana af stað," segir hún.

Hulda segir þau systkinin fá afnot af bátum Brokeyjar en mega þau fara í þá þegar þeim hentar? „Það er nú ekki alveg þannig en á sumrin eru æfingar með þjálfurum alla daga þannig að við fáum alveg að sigla nóg. Við vorum svo heppin bæði í fyrrasumar og núna að fá vinnu í Siglunesi og þá vorum við að sigla frá níu til fjögur með litlum krökkum og förum svo beint á æfingar á eftir, líka í Nauthólsvíkinni, þannig að þetta hafa verið mikil siglingasumur. Það er skemmtilegt að geta unnið við áhugamálið sitt."

En skyldi alltaf vera hægt að sigla. Fer það ekki eftir veðri?

„Jú, maður vill helst hafa sól og strekkingsvind. Á sunnudaginn vorum við í um 12 metrum á sekúndu og það gekk mjög vel. Ég held það væri gaman að vera í stífari vindi og líka í meiri öldum."

Hulda er greinilega á góðu skriði í siglingunum enda sér hún jafnvel fyrir sér að geta starfað við þær í framtíðinni. „Það eru siglingaklúbbar um allt land og enginn skortur á áhugasömum krökkum sem eru tilbúnir til að læra," segir hún. „Þannig að alltaf er eftirspurn eftir góðum þjálfurum."

*- gun*

# Með skeiðklukku um fjöllin

Hörður Erlendsson yfirvélstjóri hefur notað æfingasal frystitogara til að halda sér í formi undanfarin ár. Svo tekur hann á sprett þegar hann kemur í land. Víðavangshlaup eru hans ær og kýr yfir sumarið og þegar þeim sleppir taka fjallgöngur við.

„Hlaup og þrekæfingar eru áhugamál hjá mér og margir skipsfélagar mínir hafa smitast af mér og farið að hreyfa sig fyrir minn atbeina," segir Hörður sem einmitt er nýkominn úr átta kílómetra skokki þegar í hann næst. Togarinn sem hann hefur verið á er Örvar sem gerður er út frá Sauðárkróki. „Ég er reyndar að skipta um skip og fer á Norðfjarðartogarann Börk. Það hentar mér mun betur því Neskaupstaður er minn heimabær," útskýrir hann.

Hörður ætlar að þreyta Skálaneshlaup í Seyðisfirði um næstu mánaðamót. Það er 17 kílómetra langt og hann kveðst vera að hlaupa það í fyrsta skipti. En Barðsneshlaup í Norðfirði er árviss þrekraun hjá honum og það fór hann um verslunarmannahelgina ásamt 40 öðrum. „Þetta eru 27 kílómetrar en farið yfir tvær ár, yfir 400 metra háa fjallsöxl og stokka og steina. Mjög skemmtilegt hlaup," lýsir hann og kveðst keppa í slíkum hlaupum bæði við aðra þátttakendur og sjálfan sig. „Mér tókst að bæta tíma minn frá því í fyrra," segir hann ánægður.

Sjálfur hefur Hörður startað einu víðavangshlaupi austanlands sem hefð er að komast á, það er Tangahlaup og er hlaupið um Mjóafjörð út á Dalatanga en þar átti hann heima sem unglingur. Þegar



Hörður í Tangahlaupi nú í sumar en þá er hlaupið um Mjóafjörð út á Dalatanga. MYND/ÁSGEIR RÚNAR HARÐARSON

þessar hlaupakeppnir eru búnar þá taka fjöllin við. „Ég er yfirleitt með skeiðklukku þegar ég geng á fjöll og tek þau á tíma. Það er mjög gott til að reyna að streða svolítið," segir hann.

Hörður er ekkert sérlega stoltur af afrekum sínum á fjallgöngusviðinu í sumar. Kveðst bara hafa gengið á Norðfjarðarnípuna og Nesnúp við Siglufjörð. „En Herðubreið er í sigti og ég hef líka mikinn áhuga á að ganga á Snæfell í haust."

*- gun*

# ÚTSALA



## ÖLL REIÐHJÓL Í VERSLUN MEÐ 20-30% AFSLÆTTI



**Bronco Windsor**
Verð 49.900 **Útsala 39.920**



**Bronco Elegance**
Verð 59.900 **Útsala 41.930**



**Norco Rainbow 12”**
Verð 19.900 **Útsala 15.920**



**Bronco 240**
Verð 43.900 **Útsala 30.730**



**Giant Boulder**
Verð 65.900 **Útsala 52.720**

MARKIÐ

*Verkstæði og varahlutir í miklu úrvali.*

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

# Fullt af golfdóti, frábært verð

**20 % afsláttur af golffatnaði**



**Barna- og unglingagolfsett**
í standpoka frá **19.900**
Stakar kylfur frá **3.900**
Driver **5.500**
hanskar, pokar og kerrur.





**Rescue kylfur og driverar**
verð frá aðeins **7.900**
Driverar dömu frá **8.900**
John Letters Driver **27.900**
**Nýr** Hippo XXL Driver **22.900**

HI-TEC



**Golfskór**
Verð frá **10.900**
Hi-tec frá **12.900**
Hi-tec unglinga **10.500**



**Golfkerrur** frá **6.990**
**Þriggja hjóla kerrur** frá **18.500**
**Tri Cart á mynd** **19.900**
**Clicgear** **42.900**



**Rafmagnsgolfkerra**
Powerhouse Freedom frá Bretlandi,
28 AH geymir **69.900**

JOHN LETTERS

**John Letters**
Golfsett, stakar kylfur, pokar og fleira frá þessum þekkta framleiðanda.
Standpokar **12.900**
Kerrupokar **24.900**



**Golfsett í poka 10% afsl.**
Heilt sett karla og kvenna frá **44.550**
Hálft sett í poka frá **24.750**

**Golfboltar á góðu verði**
Teitleist, Nike, Pinacle, Wilson o.fl.
Verð 15 stk. frá **2.490**



**Almennur opnunartími virka daga 11 til 18**

Golf outlet

Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800 • www.golfoutlet.is

## Fylgt í fótspor Katie Holmes

Námskeiðið Fanta gott form fer af stað hjá Hreyfingu í lok mánaðarins en það var tekið upp síðastliðið vor og þótti sérstaklega skilvirkt. Námskeiðið byggir á æfingakerfi sem hefur meðal annars vakið athygli í Los Angeles og er stundað af stjörnum á borð við Katie Holmes og Jason Biggs.

„Þjálfunin byggist á einföldum æfingum sem miðast við að þátttakendur nái að hámarka brennslu og þjálfa þol og styrk á skjótan og hnitmiðaðan hátt. Mikil áhersla er lögð á að þjálfa snerpu og kjarnvöðvana,“ segir á heimasíðu Hreyfingar. Grunnbrennsla líkamans er sögð aukast í hverjum tíma en við það verður hinn eftirsótti eftirbruni til sem gerir það að verkum að brennsla líkamans heldur áfram í nokkrar klukkustundir eftir að æfingu lýkur. Nánari upplýsingar er að finna á www.hreyfing.is.

- ve



**Hreyfing býður upp á námskeið sem byggir á æfingakerfi sem hefur notið vinsælda hjá stjörnum á borð við Katie Holmes.**

# Betra líf með breyttu mataræði

**Auður Ingibjörg Konráðsdóttir og Kyle Vialli hafa bæði unnið bug á veikindum með breyttu mataræði. Þau munu halda fræðslu- og matreiðslunámskeið á Íslandi innan skamms.**



**Kyle Vialli er heimspekingur og heldur fyrirlestra um heilbrigðan lífsstíl. Hann vann sjálfur bug á rósroða með breyttu mataræði.**



**Auður neyddist til að breyta mataræði sínu fyrir tuttugu árum. Hún mun setja á markað nýtt heilsusúkkulaði innan skamms.**

MYND/ ÚR EINKASAFNI

Heilsukokkurinn Auður Ingibjörg Konráðsdóttir hélt til Bretlands fyrir nokkrum mánuðum til að vinna á grænmetisveitingastað í Brayton. Hún breytti hins vegar fljótt um stefnu og rekur nú fyrirtækið Vitality Chef ásamt því að halda námskeið í heilsusamlegri matargerð. Hún er væntanleg til landsins ásamt viðskiptafélaga sínum Kyle Vialli, einum fremsta heilsufyrirlesara Bretlands, í september. Þau munu halda námskeið á höfuðborgarsvæðinu og víðar ásamt því að kynna nýtt súkkulaði sem þau eru að setja á markað.

„Við byggjum námskeiðin þannig upp að Kyle heldur fræðsluerindi um næringu. Hann er gefinn fyrir að nota hráefni úr nærumhverfi sínu og mun meðal annars taka nokkrar íslenskar náttúruafurðir fyrir,“ segir Auður. Að því loknu stígur hún á stokk og eldar mat úr því hráefni sem Kyle nefnir. „Súkkulaðið, sem við vonumst til að komi í verslanir um svipað leyti og við komum heim, hefur fengið nafnið KVIK. Það er lífrænt og sætt með kókossykri sem hefur lægstan sykurstuðul af öllum þeim náttúrulegu sætuefnum sem eru notuð. Hann hefur auk þess þann kost að byggja upp heilbrigða þarmaflóru ásamt því að vera ofboðslega bragðgóður,“ segir Auður.

Bæði Auður og Kyle stóðu snemma frammi fyrir því að þurfa að umturna mataræði sínu vegna heilsubrests og hafa áralanga reynslu af heilsufæði. „Ég fékk heiftarlegt fiskiofnæmi um það leyti sem ég var að klára kokkinn, eða fyrir tæpum tuttugu árum, auk þess sem ég komst að því að glúten fór afar illa í mig. Eins var ég bæði með mjólkuróþol og mígreni,“ segir Auður. Hún hefur verið grænmetisæta síðan og er að sögn miklu hraustari og orkumeiri í dag. Auður segir Kyle hafa þjáðst af húðsjúkdómnum rósroða. „Hann var svo illa haldinn að hann þurfti að handjárna sig á nóttunni til að klóra sig ekki til blóðs. Hann lagðist í mikla rannsóknavinnu, tók mataræðið í gegn og fékk þannig bót meina sinna en alla jafna þarf fólk að halda sjúkdómnum niðri með lyfjum.“



**Breytt og heilsusamlegra mataræði getur læknað ýmsa kvilla.**

Auður segir að bæði hún og Kyle hafi nýtt reynsluna af veikindum og breyttu mataræði til að hjálpa öðrum sem hafa veikst og þurft að breyta um lífsstíl. „Það er óþarfi fyrir alla að finna upp hjólið. Við eigum að hjálpast að.“

Að lokinni Íslandsdvölinni liggur leið þeirra Auðar og Kyle til Balí og Ástralíu þar sem þau munu halda lengri heilsubótarnámskeið. Námskeiðin í Reykjavík fara fram í Yggdrasil og á Gló en auk þess verða námskeið á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum. Súkkulaðið verður til sölu í Yggdrasil og í Samkaupum. Áhugasömum er bent á netfangið heilsukokkur@heilsukokkur.is.

*vera@frettabladid.is*



# Hrukkurnar nuddaðar burt

**Nú býðst Íslendingum í fyrsta sinn að yngjast upp um árafjöld með ayurvedísku andlitsnuddi til andlitslyftingar.**

„Ég byrja alltaf á að nudda hægri helming andlitsins fyrst, til að sýna muninn sem sést mjög greinilega, og klára svo meðferðina svo samræmi sé fullkomið í hvert skipti," segir Arnhildur Magnúsdóttir svæðanuddari sem á vordögum lauk tveggja ára námi í nuddi til andlitslyftingar, eða Facelift Massage, eftir ayurvedískum fræðum. Ayurveda er indversk alþýðulækningaraðferð sem stunduð hefur verið í árþúsundir, en með henni er lögð áhersla á sjálfsheilandi krafta í viðhaldi ónæmiskerfis líkamans, með réttum lifnaðarháttum, mismunandi nuddaðferðum og líkamsmeðhöndlunum.

„Meðferð þessi er einstök. Engar olíur né krem eru notuð við nuddið, en í stað þess teygi ég og sný upp á húðina. Það kemur blóðrás og sogæðakerfi líkamans af stað, með þeim árangri að fólk finnur víðtæk og góð áhrif um allan líkamann, auk þess að yngjast upp um mörg ár í andliti," segir Arnhildur sem er ein þriggja íslenskra nuddara sem lokið hafa námi í Facelift Massage, sem er lögverndað meðferðarheiti, en hinar eru Emilía Einarsdóttir í Keflavík og Svava Svavarsdóttir í Hafnarfirði.

„Nudd til andlitslyftingar hentar öllum sem farnir eru að merkja öldrunareinkenni í andliti sínu. Slíkt liggur oftar en ekki í genum viðkomandi, en umhverfisáhrif hafa líka mikið að segja. Viðskiptavinir eru því konur og karlar frá 25 ára og upp úr; sumir með minni háttar hrukkumyndun, meðan aðrir eru orðnir töluvert mikið hrukkóttir," segir Arnhildur sem mælir með sex til átta skiptum til að veruleg andlitslyfting eigi sér stað. Eftir það sé gott að koma annan hvern mánuð í eitt til tvö skipti til að halda sér við.

„Munurinn er sláandi mikill, jafnvel þótt hrukkur hafi verið djúpar fyrir. Þreyta og pokamyndun í kringum augu minnkar til muna og allir andlitsdrættir mýkjast. Árangurinn kom sjálfri mér virkilega á óvart þegar ég byrjaði að nota þessa aðferð hér heima; bæði hvernig fólkinu leið eftir á, leit út í andliti, og hvernig líkaminn brást við. Ýmsir kvillar lagast í kjölfarið; það dregur úr mígreniköstum og melting batnar við örvun sogæðakerfis og blóðrásar við punktanudd í andliti og á hálsi."



Arnhildur segir hvert skipti í Facelift Massage taka um klukkustund og valda góðri slökun og vellíðan meðan á stendur.

„Ég mæli hiklaust með nuddi til andlitslyftingar umfram andlitsstrekkingu með lýtaaðgerð, því hingað hafa komið einstaklingar sem borgað hafa fúlgur fjár til að fara undir hnífinn í þeim tilgangi að yngjast í útiliti. Útkoman hefur valdið þeim vonbrigðum og þeir verið ánægðari með árangurinn eftir andlitsnuddið. Andlitslyfting verður þó aldrei varanleg til lengri tíma því öll höldum við áfram að eldast, en góðu útliti má vel viðhalda með náttúrulegum aðferðum, eins og andlitsnuddi."

Þess má geta að Arnhildur er með aðstöðu á Beauty Bar í Höfðatúni 2, en fer einnig á landsbyggðina til að nudda. Nánari upplýsingar í síma 895 5848.

*- þlg*



Arnhildur Magnúsdóttir svæðanuddari lauk nýverið ströngu námi á Englandi til að verða fullnuma í andlitslyftingu með andlitsnuddi, en þar í landi nýtur slíkt nudd mikilla vinsælda, enda árangurinn góður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Höskuldur Kristvinsson læknir ætlar að hlaupa 165 km kringum fjallið Mont Blanc nú í lok ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Býsna erfitt en mögulegt

Höskuldur Kristvinsson skurðlæknir ætlar að hlaupa í kringum fjallið Mont-Blanc nú í ágúst þegar hann tekur þátt í Ultra-Trail du Mont-Blanc. Hlaupið er 165 kílómetra langt og mikil þrekraun en hæðarmismunur er um 9.000 metrar. Höskuldur tekur nú þátt í þriðja sinn og hefur undirbúið sig undanfarið hálft ár.

„Það þarf töluvert mikla fjallaæfingu fyrir þetta og ég er búinn að skokka Esjuna yfir 50 ferðir á árinu. Þetta er býsna erfitt en með réttum undirbúningi er þetta vel mögulegt fólki á mínum aldri,“ segir Höskuldur sem stendur á sextugu. Höskuldur er heldur enginn nýgræðingur í hlaupunum en hann hefur stundað langhlaup í tæp 30 ár og hljóp sitt fyrsta maraþon árið 1985.

„Ég fer nú ekki hratt yfir og er að þessu bara fyrir sjálfan mig. Ég tók fyrst þátt í Ultra-Trail du Mount-Blanc árið 2003, þá gafst ég reyndar upp eftir 117 kílómetra. Ég var betur undirbúinn árið 2007 og kláraði þá hlaupið. Ég hef gaman af því að halda mér í formi og tek yfirleitt þátt í tveimur langhlaupum á ári. Í júní tók ég þátt í hundrað mílna hlaupi í Bandaríkjunum. Við erum tveir sem ætlum að fara allan hringinn um Mont Blanc núna, ég og Börkur Árnason og vonandi tekst að klára hlaupið. Annars er Börkur yngri og fljótari og að fara í sitt fjórða skipti,“ segir Höskuldur og á von á því að verða stunginn af. „Já, ekki spurning, ég mun horfa undir skósólana hans fljótlega, en það er allt í lagi.“ *-rat*

# Aftur til móður jarðar

„Eftir að hafa kennt jóga og dans, jassballet og leikfimi í yfir 30 ár fór ég að skoða afhverju það léttast ekki allir með hefðbundum aðferðum,“ segir Sigríður Guðjohnsen jógakennari, en hún hefur sett saman nýtt námskeið þar sem fæðutegundir, sem þekktar eru fyrir að valda óþoli hjá fólki, eru teknar út.

„Matvara er orðin svo stútfull af alls konar efnum sem líkamar okkar þekkja ekki og bregðast þannig við að við bólgnum út og léttumst ekki þó við förum í átak. Námskeiðið er fyrst og fremst heilsunámskeið þar sem við léttum á meltingu og örvum hana,“ útskýrir Sigríður. „Við erum í jóga þrisvar í viku og lyftum í tækjasal tvisvar í viku. Svo er farið ýtarlega yfir mataræðið og teknar út mjólkurvörur, hvítt hveiti, ger og sykur. Ég vinn eftir Hafa-jógaheilsufræðum og sæki í náttúrulækningar en þetta er fyrsta námskeiðið sinnar tegundar, þar sem heilsufræði er tekin með inn í líkamsræktarátak.“

Við upphaf og lok námskeiðs eru þátttakendur mældir og vigtað verður einu sinni í viku. Einnig verður settur upp matseðill sem þátttakendur fylgja. Áherslan er þó ekki bara líkamleg en Sigríður segir hluta námskeiðsins að læra að þekkja sjálfan sig og koma á jafnvægi.

„Við vinnum líka með tilfinningar en þegar við erum neikvæð lokast fyrir flæðið í líkamanum. Jógaæfingarnar styðja flæðið. Við erum komin úr takti við allt í dag og þurfum að hverfa aftur til náttúrunnar,“ útskýrir Sigríður og segir námskeiðið ætlað öllum sem vilja hreinsa sig og þeim sem gengur illa að ná árangri. Námskeiðið er kennt í Nordica Spa og stendur í fjórar vikur. *-rat*



Sigríður Guðjohnsen jógakennari hefur sett saman heilsunámskeið í Nordica Spa þar sem hún tvinnar saman jóga og lyftingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ● SKYR SELST VEL Í BANDARÍKJUNUM

Áætlað er að fyrirtækið Siggi's skyr í Bandaríkjunum muni hala inn um sex milljónir dollara á þessu ári vegna sölu íslensks skyrs vítt og breitt um Bandaríkin.

Íslendingurinn Sigurður Hilmarsson hóf tilraunir með skyr- og jógúrtframleiðslu í New York árið 2004 þegar hann var þar námsmaður. Varan, Siggi's skyr, var tilbúin ári síðar og hann byrjaði að selja skyrið sitt á sveitamarkaði í uppхéraði New York ríkis.



Hjólin fóru að snúast árið 2007 þegar hann kynntist af tilviljun starfsmanni Whole Foods-verslanakeðjunnar og ári síðar var Siggi's skyr farið að sjást í hillum þar.

Nánar á www.bbl.is.

## ● RISA SPINNING Á SUNDLAUGARBAKKA

Actic líkamsrækt og sund, sem áður héð Nautilus heilsurækt, stóð fyrir skemmtilegri uppákomu í byrjun mánaðarins. Þá var haldinn risa spinning-tími á sundlaugarbakkanum í Sundlaug Kópavogs. Ríflega sjötíu manns tóku þátt í tímanum og var stemningin mjög góð enda skein sólin á þátttakendur.

Actic er með starfsemi á níu stöðum. Elsta stöðin er í Sundlaug Kópavogs en þar var hún opnuð 1997. Aðrar stöðvar eru í Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði, Salalaug í Kópavogi, íþróttamiðstöð Álftaness, íþróttamiðstöð Vestmannaeyja, í Vogum, á Selfossi, Hellu og í Vík í Mýrdal.

Hjá Actic er boðið upp á sund, tækjasal og spinning en helsta nýjungin í stöðinni er sú að boðið er upp á kort fyrir krakka á aldrinum 13 til 16 ára.



Um sjötíu manns mættu í spinning á bakka Sundlaugar Kópavogs.


The Passport to your future!




Hotel and Tourism Management Studies
Iceland/Switzerland



Innritun stendur yfir
Hótel- og matvælaskólinn
Menntaskólanum í Kópavogi

Skólinn hefst á eftirfarandi dags.
Fyrsta ár: 24. ágúst 2010 - Ísland
Annað & þriðja ár: Júlí 2011 - Sviss

Fyrsta ár: Joint Certificate programme
Hospitality and Culinary School of Iceland

Annað & þriðja ár : Bachelor of International Business
University Centre "César Ritz" in Switzerland

Nánari upplýsingar eru veittar hjá:
Árni Valur Sólonsson, Sími: 896-2204 eða
Baldur Sæmundsson, Sími: 594-4000

Hospitality and Culinary School of Iceland

César Ritz COLLEGES SWITZERLAND
Excellence in International Hotel and Tourism Management Education


Reykjavíkurmaraþon laugardaginn 21. ágúst
asics.com
anima sana in corpore sano
heilbrigð sál í hraustum líkama
asics
Endursöluaðilar
Intersport - Útilíf - Flexor - Stoð - Fjölsport - Ozone - Efnalaug Suðurlands - Sportver Akureyri -
Tískuhúsið Sauðárkróki - Fjarðasport Neskaupstað - Veiðiflugan Reyðarfirði.

**● ÞRJÁR NÝJAR GREINAR** „Það nýjasta hjá okkur í vetur eru Tabata, Power Pilates og Anasura yoga," segir Guðrún Gísladóttir sem rekur tvær líkamsræktarstöðvar á Akureyri, Átak heilsurækt og Þrekhöllina. Hún segir hausttímatöfluna taka gildi 30. ágúst. „Þá verða tímar í hinum ýmsu greinum frá morgni til kvölds," segir hún og er beðin að lýsa aðeins nánar þessum nýju sem hún byrjaði á að nefna. „Tabata er bæði þolþjálfun og kraftþjálfun. Við höfum verið með Fit Pilates á dagskránni fyrr og verðum áfram en Power Pilates er við fyrir þá sem vilja aðeins stífari æfingar. Svo er hér kona sem er lærð í kínverskum lækningum og byrjar með Anasura jóga í haust sem hún hefur lært bæði í Kína og Sviss."

Fjórða nýjungin í stöðvum Guðrúnar er að boðið er upp á barnapössun í hádeginu. *- gun*



**● MARKMIÐUM NÁÐ** Nýtt sex vikna átak sem nefnist Markmiðum náð MP-TS, sem stendur fyrir Mission Possible – System training, hefst 30. ágúst í Hress, að Dalshrauni 11 í Hafnarfirði. Það byggist meðal annars á aðhaldi sem felst í vikulegum tölvupóstum, vigtun og mælingum og einnig í mataræði sem hreinsar, eykur bruna og gefur orku. Ekki síst er það svo fjölbreytt þjálfunarmynstur sem hjálpar þátttakendum að ná sínum markmiðum. Nefna má tíma í Tabata, Hot Yoga og Les Mills sem allt eru kraftmikil og drífandi æfingakerfi.

Tímarnir eru klukkan 6.05, 9.15, 16.30 og 17.30. *- gun*





**Keppnin er hluti af Intersport þrekmótaröðinni sem lýkur í nóvember.**

# Keppt verður í BootCamp

BootCamp keppni verður haldin í íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ laugardaginn 28. ágúst. Hún er hluti af Intersport-þrekmótaröðinni sem samanstendur af fjórum sjálfstæðum mótum og lýkur í nóvember. Sigurvegari er sá sem hlýtur flest samanlögð stig úr keppnunum fjórum.

Keppt verður í einstaklingskeppni karla og kvenna, parakeppni og liðakeppni karla og kvenna. Meðal keppnisgreina í einstaklings- og parakeppni eru uppsetur, ketilbjölluveiflur, gólfþurrkur, bjöllubeygjur, uppstig með sandpoka og dekkjaflipp. Meðal keppnisgreina í liðakeppni eru upphífingar, armbeygjur á ketilbjöllu, hangandi þurrkur og sprettir. Keppnin fer fram utandyra og verður keppt á frjálsíþróttabrautinni og á fótboltagrasinu. Samhliða keppninni fer sumarhátíð BootCamp fram og verður boðið upp á alls kyns afþreyingu fyrir fjölskylduna meðan á henni stendur. Nánari upplýsingar er að finna á www.bootcamp.is. *- ve*

# Heimsþekktir kennarar

Heimsþekktir erlendir gestakennarar munu kenna í World Class þegar haldnir verða þar sérstakir heilsudagar dagana 9 til 12. september.

Hingað til lands mun hinn þekkti Jimmy Barkan koma en hann er stofnandi The Barkan Method Hot Yoga. Hann hefur kennt Hot Yoga í yfir þrjátíu ár og er einn öflugasti Hot Yoga leiðtogi heims. Hann hefur til dæmis kennt mörgum af fremstu atvinnuíþróttamönnum Bandaríkjanna og býr og starfar í Flórída.



Á heilsudögunum kenna auk Barkan meðal annars Alexandre Mallier og Jessica Mallet, bæði frá Frakklandi og Gil Lopes frá Brasilíu. Nánari upplýsingar má finna á www.worldclass.is. *- mmf*


*Engar konur eru eins*
*– þrjár mismunandi lausnir fyrir konur á breytingarskeiði*



CHELLO

*Náttúruleg lausn á breytingarskeiðinu*

**Ég fékk aftur mitt fyrra líf á aðeins 6 vikum**
„ Ég byrjaði breytingarskeiðið með nánast stanslausu hita- og svitakófi. Vinkona mín kom mér til hjálpar með því að benda mér á Chello".

**SVITAKÓFIN HURFU**
„ Eftir aðeins 6 vikur var ég algjörlega laus við svitakóf. Þess vegna bendi ég öllum á Chello sem þjást af svitakófi," segir hin mjög svo ánægða Lisbeth Hovlby.
Hægt er að sjá viðtal við Lisbeth inn á www.mezina.com

Við höfum rætt við margar ánægðar konur sem hafa notað Chello á breytingarskeiðinu. Margar hverjar hafa minnst á mæður sínar, hvernig þær svitnuðu og kólnuðu á víxl og hefðu þær viljað óska að Chello hefði verið til þá.




Chello Classic
**Fyrir allar konur**
Gott við mildum einkennum af svita og hitakófi. Inniheldur ekki Soja, heldur mikið af plöntuextrakt sem er grunnur af kínversku plöntunni dong quai og hefur verið notuð í mörg ár gegn hita og svitakófi. Inniheldur einnig plönturnar rauðsmára, vallhumal, kamillu og mjólkurþystil.




Chello Forte
**Yfir fimmtugt**
Gott við miklu svita og hitakófi. Inniheldur ríkulegan skammt af plöntu kjörnum og soja ekstrakt sem hefur sýnt sig að virka vel á hita og svitakóf. Chello Forte inniheldur einnig rauðsmára og salviu sem hefur verið notað í mörg ár af konum á breytingarskeiðinu með frábærum árangri.




Chello Forte+D vítamín
**Undir fimmtugu**
Gott við miklu hita og svitakófi. Inniheldur sömu efni og rauða Chello en er með viðbættu D vítamíni sem styrkir beinin sem er mikilvægt fyrir konur sem byrja snemma á breytingarskeiðinu.

prentun.is

**Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkanna**

MEZINA



Helga M. Ögmundsdóttir prófessor við Rannsóknarstofu í krabbameinsfræðum segir spennandi efni finnast í íslenskum fléttum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Efni í íslenskum fléttum lofa góðu

**Alissa Rannveig Vilmundardóttir sem rætt er við á forsíðu Allt-sins, hjólar til styrktar Rannsóknarstofu í Krabbameinsfræðum. Helga M. Ögmundsdóttir prófessor við rannsóknarstofuna segir rannsóknir á brjóstakrabbameini hafa borið hróður stofunnar um allan heim.**

„Rannsóknir sem hafa verið sérstaklega undir umsjá Jórunnar Eyfjörð lögðu mikið af mörkum til skilgreiningar á því af hverju brjóstakrabbamein liggur í ættum og skilgreiningunni á öðru af tveimur genum sem eru þar að verki,“ útskýrir Helga.

Hún segir annað verkefni sem rannsóknarstofan hefur unnið að undanfarin ár ekki síður spennandi en það er skoðun á efnum úr íslenskum fléttum, svo sem fjallagrösum.

„Upphaflega hófust þær rannsóknir með samvinnu minni og Kristínar Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands. Það koma í ljós tvö efni sem hafa veruleg áhrif á vöxt og fjölgun krabbameinsfruma og verka með því að hafa áhrif á efnaskipti þessara frumna. Þetta er mjög spennandi því eitt af því sem greinir krabbameinsfrumur frá eðlilegum frumum er að þær hafa öðruvísi efnaskipti. Hugsanlega yrðu því þessi fléttuefni að lyfjum í framtíðinni sem nýttust með öðrum lyfjum þar sem þau skerpa á muninum á milli eðlilegra frumna og krabbameinsfrumna. Þannig væri hægt að ráðast eingöngu á krabbameinsfrumurnar án þess að skemma eðlilegar frumur í leiðinni.“ *- rat*



Mömmurnar geta tekið börnin með sér í tímana.

# *Mömmuleikfimi í Mosfellsbæ*

**Fullfrísk býður nú upp á mömmutíma í Hafnarfirði og Mosfellsbæ.**

Fullfrísk fór af stað með líkamsræktarnámskeið fyrir mömmur í Hafnarfirði í gær og um mánaðamótin hefjast námskeið í Mosfellsbæ. Námskeiðin eru sex vikna löng og eru hugsuð fyrir konur sem vilja stunda markvissa og örugga líkamsrækt eftir barnsburð og taka börnin með sér í tímana.

Námskeiðin í Hafnarfirði eru kennd klukkan 13.30 þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í CrossFit í Trönuhrauni en námskeiðin í Mosfellsbæ klukkan 10.00 sömu daga í Heilsukvos í Álafosskvosinni. *- eö*


Granatepli hafa gegnt veigamiklu hlutverki í mataræði íbúa Mið-Austurlanda frá örófi alda en þeir sem ástunda náttúrulækningar hafa löngum vitað um öflugan lækningamátt þeirra. Grískir læknar til forna ráðlögðu til dæmis granatepladjús við liðagigt, blóðrásarvandamálum, vírusum og meltingarvandamálum.



heilsuhusid.is




Gleði og hamingja í Vindáshlíð 27.-29. ágúst 2010







*Gleðitónar* **Rósa Jóhannesdóttir,** fiðluleikari

*Hlátur* **Ásta Valdimarsdóttir,** hláturambassador

*Verið glöð* **Sr. María Ágústsdóttir**

*Hamingjan er best af öllu í sköpunarverkinu* **Lára Sch. Thorsteinsson,** verkefnastjóri

*Messa* **Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir**

KFUM KFUK

**Verð aðeins 10.900 krónur með gistingu, dagskrá og fullu fæði.**
**Nánari upplýsingar á *www.kfum.is* - Bókanir í síma 588 8899**

Stelpur Konur TT námskeið
Staðurinn - Ræktin



Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

**Innritun í fullum gangi!**
**Sími 581 3730**

TT námskeiðin okkar sívinsælu, frá toppi til táar, miðast við að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri. Þau byggjast á áralangri reynslu og fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsbeitingu, fundi, vigtun og mælingar.

TT námskeiðin standa yfir í sex vikur. Þrjá tíma í viku er stunduð markviss líkamsrækt sem eflir þol og styrk og tekur mið af einstaklingsbundinni getu. Vigtað er í hverjum tíma og mælingar gerðar þrisvar á tímabilinu. Fundur er haldinn einu sinni í viku.

Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem algjör trúnaður ríkir.

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 12:05 | F | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25 | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánud, - miðvikud 19:25 og lau 8:30 | |
| 18:25 | TT3 | Mánu- og miðvikud - (16-25 ára) | |

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 22. ágúst kl. 16:00 og 17:00

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



**TILBOÐ 1.690.000.-**
SMART ROADSTER. Árgerð 2005, ekinn aðeins 66 Þ. km BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð áður 2.090.000. Rnr.123897.Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is



**FLOTT EINTAK**
LEXUS IS 200 SPORT. Árgerð 2004, ekinn aðeins 78 Þ.km SJÁLFSKIPTUR. Verð 2.290.000. Rnr.243249.Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthåls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

STÓRA BÍLASALAN



**M.Benz C320 Avantgarde**
Árgerð 2002, ekinn 125þ.km, ssk, leður, sóllúga o.fl., góð þjónustusaga. Verð 2.290.000kr. TILBOÐSVERÐ 1.890.000kr! Raðnúmer 130633. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

Toyota Kletthálsi TOYOTA



NISSAN NAVARA D/C. Árgerð 2005, ekinn 92 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.790.000.TILBOÐ 2.390.000. Rnr.994770 Opið frá kl 9-18



AUDI TT NEW. Árgerð 2006, ekinn 77 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur Innfluttur af umboði. Einn eigandi Bíllinn er á staðnum Sjón er sögu ríkari . Verð 4.990.000. Rnr.110421 Opið frá kl 9-18



TOYOTA YARIS. Árgerð 2005, ekinn 110 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.150106 Opið frá kl.9-18



TOYOTA RAV4 VX. Árgerð 2009, ekinn 24 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.Leður Lykillaust aðgengi Filmur og m.fl. Verð 4.590.000. Bíllinn er eins og nýr og er á staðnum Skipti á ódýrari bíl koma til greina.Rnr.994563 Opið frá kl.9-18



TOYOTA AVENSIS S/D SOL. Árgerð 2007, ekinn 126 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.380.000. Rnr.140088

**Toyota Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

SUZUKI



Eigum nokkur hjól eftir á ótrúlega góðu verði, Intruder frá 1.790.000,- og RM-Z250 frá 950.000,-. Fullt af 2010 hjólum í salnum.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

Bíla og vagnasalan.is 527 24 24



ISUZU NPR85-CW FLOKKABÍLL. Árgerð 2008, ekinn 0 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.110504



SUZUKI VITARA JLX. Árgerð 2000, ekinn 155 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 490.000. Rnr.110654



MMC PAJERO DID 3.2 DÍSEL GLX 33". Árgerð 2003, ekinn 162 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.100007

**Bíla og vagnasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5272424**
**www.bilaogvagnasalan.is**

Motor sport



GPS GARMIN NAVIGATION m/ íslandskorti og evrópukorti. Einnig þráðlaus bakkmyndavél, bluetooth og radarvari með laser. Verð aðeins 65 þúsund.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



FORD MONDEO GHIA 2.0 DIESEL. Árgerð 2007, ekinn 25 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Mögul á 90% láni.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar bílasala




VW Touareg R5 dísel, árg. 2008, ek. 38þús.km, leður, krókur, nýleg heilsársdekk, Gullfallegur umboðsbíll og vel búinn!! Ásett verð aðeins 6900þús.kr! bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Bílaútsölur framleiðenda í USA. Nú færðu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Eigum einnig heimkomna sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge og öðrum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



Alfa Romeo árg'01, ssk. Ný tímareim, ný kerti, nýtt í bremsum. Ek.127þús. Skoða skipti í ódýrari, má vera bilaður. Uppl í S. 894 1748



Til sölu Dodge Magnum SXT árg'05, ek.27þús mílur. Með öllum búnaði. Uppl í S. 892 8890

Golf 1400 GL, árg. ,95, 5gíra, sk. 2011. 3 dyra Fallegur og góður. V. 195 stgr. Uppl. í S. 896 8568

Til sölu Nissan Primera SLX árg. ,98 sjálfsk. 2000 vél, skoð. ,11, cd. fallegur og góður. V. 390 þ. Uppl. í s. 896 8568.

## 250-499 þús.



Galloper árg.'99 Diesel Turbo. Sjálfsk. Ek. 192 Þ. Nýskoðaður 2011, 7 manna. Verð 370 þ. Uppl. S. 659 3459.



**SJÁLFSKIPTUR STATION**
Toyota Corolla Wagon Árg 98" ekinn 222 þ. álfelgur Heilsárs sk.2011 tilboð 390 þ. Uppl. í s 650-3646

## Bílar óskast

**Vantar ódýran**
Vantar ódýran bíl. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. Allar tegundir, allar árgerðir. S. 857 9326.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**!!! 0-200þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Lítill sendibíll óskast upp að 250.000,- má þarfnast lagfæringar. Uppl í síma 8986869

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vespur



Kínversk vespa Jonway City Runner árg.'09 125cc til sölu. Ek. 2.010 km. Verð 300þ. Á 16" dekkjum. Hleðslutæki fylgir með. Tilboð óskast. S. 898 2820.

## Fjórhjól



Can-Am Outlander 800 MAX XT 2008 til sölu. Ekið 3.400 km. Hiti í handföngum, spil og fl. Verð 2.450.þús. tilboð 2.150. þús.kr. Sími 894 4708.

## Vinnuvélar



Til sölu CASE 695 super R árg 06 ekin 2000 tíma glussa hraðtengi fr og af sími 8992058

**LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ**
**LEIGUVELAR.IS**




Á lager gæða gúmmíbelti frá Linser (heilspunnin). Einnig stálbelti, rúllur og hjól. IMPEX.is S 5345300

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Hjólbarðar




4 stk. 175/70 13" á Golf álfelgum á 20 þ. 2 stk. 195/65 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ.4.stk ný dekk 5.30 12" á 5gata felgum á 25þ. 4 stk. 225/75 16" á 25 þ. Uppl. í s. 896 8568.

Til sölu 4 stk. Continental sumardekk 155/65-14. Ekin ca. 3þús. Kreppu verð! Uppl. í S 897 9218

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

## Til sölu

# Fellihýsi til sölu.



Lítið notað og reyklaust **Fleetwood Niagrara 14 fet, árg. 2008.** Upphækkað á loftpúðafjöðrun, 15" álfelgur, fortjald, sólarsella, ofl.. Nánari upplýsingar á www.aflvelar.is og síma 480 0000. **Fæst á góðu verði.**




**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í Vitara árg'97. Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

Þarftu að láta gera við tjaldvagninn, fellihýsið,hjólhýsið eða húsbílinn eftir sumarið? Við getum hugsanlega hjálpað. Hagverk bifreiðasmiðja Bæjarflöt 2 S: 587 4760.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Glans-Þrif**
Hreingerningar Flutningarþrif Fyrirtækjaþrif Heimilisþrif S. 659 6118

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja

ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA
- HELLULAGNIR
- SNJÓBRÆÐSLUR
- MALBIKSVIÐGERÐIR
- DRENLAGNIR
- HLEÐSLUR

HRINGIÐ Í SÍMA 661 2288
WWW.EDALVERK.IS
EDALVERK







Sælugarðar
- Garðsláttur
- Garðaúðanir
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

edalgardar.is
- Hellulagnir
- Trjáklippingar
- Jarðvegsskipti
- Smágröfuþjónusta
- Vörubíll með krabba

Einar • sími 698 7258

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

SÓLPALLAR, skjólveggir, öll almenn smíða og garðvinna, vanir menn og góð verð. Brynjar s: 862 8621.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

## Málarar



**Málun 15% afsláttur fyrir húsfélög, eldriborgara og öryrkja**
Innan sem utan. Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag. Haukur, S. 777 3374.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
Frost og Law voru óskapar bresku þjóðarinnar strax frá upphafi og var mikið fjallað um samband þeirra. Ævintýrið entist þó ekki að eilífu og skildi parið árið 2003, stuttu eftir frí í Taílandi. „Ég vissi að sambandinu var lokið. Ég var of létt, þunglynd og hrædd og ég vissi að hann elskaði mig ekki lengur."

# Dýrkar Star Wars-myndirnar

Leikarinn Dominic Monaghan, sem lék meðal annars í Lord of The Rings og í sjónvarpsþættinum Lost, skartar nú stærðarinnar húðflúri á vinstri hendi. Húðflúrið er setning úr kvikmyndinni Star Wars og segir á ensku Luminous Beings Are We, Not This Crude Matter, setning sem hinn alvitri Yoda sagði eitt sinn.

„Ég er mikill Star Wars aðdáandi og eftir að hafa séð kvikmyndirnar langaði mig að verða leikari," sagði leikarinn þegar hann var inntur eftir því af hverju þessi setning hefði orðið fyrir valinu. „Ég er hrifinn af þeirri hugmynd að líkami okkar sé aðeins skel utan um eitthvað annað og betra. Þessi setning mun minna mig á það að þessi líkami sé skel sem verndar það sem skiptir raunverulegu máli og það er innihaldið sjálft."

Leikarinn var að eigin sögn mjög hrifinn af húðflúrinu, sem er í þrívídd því svo virðist sem stafirnir séu að koma út úr handleggnum. „Þetta er mjög flott, ég er afskaplega hrifinn."

Nýlega lék Monaghan á móti Megan Fox í tónlistarmyndbandi fyrir lag rapparans Eminem, Love the Way You Lie, en bæði lagið og myndbandið hafa vakið mikla athygli vestanhafs.



**TATTÚVERAÐUR** Leikarinn Dominic Monaghan er kominn með stórt húðflúr á vinstri hönd. NORDICPHOTOS/GETTY

bmvalla.is




# Hausttilboð á garðvörum

## - blómaker, garðbekkir, ljósastólpar, sorptunnuskýli, þrep og fjölmargt fleira sem fegrar og bætir umhverfið

**25% afsláttur**
**HAUSTTILBOÐ**

Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0075

## > Katrín gæti spilað gegn Frökkum

Svo gæti farið að Katrín Jónsdóttir landsliðsfyrirliði spili leikinn mikilvæga gegn Frökkum á laugardag. Óttast var að Katrín hefði slitið liðband í ökkla í bikarúrslitaleiknum um helgina en í ljós kom í gær að liðbandið var aðeins tognað. Hún er þó illa tognuð og má ekki æfa á miðvikudag og fimmtudag. Hún verður síðan teipuð fyrir æfingu á föstudag og þá kemur í ljós hvort hún getur spilað leikinn eður ei. Það þarf ekkert að fjölyrða um mikilvægi Katrínar sem hefur verið einn besti leikmaður landsliðsins um árabil.



# sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR KARL FINSEN: SKORAÐI ÞRENNU Í SÍNUM FYRSTA LEIK Í BYRJUNARLIÐI STJÖRNUNNAR

## *Fer í það sjálfur að búa til eitthvert flott fagn*

Stjörnumenn komust upp í fjórða sætið í Pepsi-deild karla eftir 5-0 stórsigur á Haukum í gær. Halldór Orri Björnsson skoraði tvö fyrstu mörkin og bauð upp á sundfagn og róðrarfang en það voru hins vegar engin fögn til á lager fyrir „nýliðann" Ólaf Karl Finsen sem skoraði þrennu í fyrsta deildarleiknum í byrjunarliði Stjörnunnar.

„Það er ekki leiðinlegt að skora þrennu. Ég fékk færin ekki fyrr en í lokin og tókst að klára þau. Það var dæmt af mér mark í lok fyrri hálfleiks og ég ætlaði bara að skora í seinni hálfleiknum," segir Ólafur Karl sem skoraði þriðja og síðasta markið með glæsilegum einleik. „Ég ætlaði að taka þrennuna," sagði Ólafur Karl léttur. Hann hefur ekki fengið mikið að spila í sumar en gerir tilkall til fleiri mínútna eftir þetta. „Maður reynir að nýta hvert tækifæri sem maður fær. Ég var orðinn svolítið hungraður að fá að spila og það var gaman að fá að spila í þessum leik," segir Ólafur Karl sem var í fyrsta sinn í byrjunarliði Stjörnunnar í Pepsi-deildinni í sumar.

„Þetta var mjög góður leikur hjá okkur. Mér fannst við eiga allan leikinn fyrir utan smá kafla í fyrri hálfleik," segir Ólafur. „Ég er ekki búinn að vera mikið inn á í sumar en ég vona að ég verði bara tekinn inn í þetta núna. Ég fer bara sjálfur í það að búa til eitthvert flott fagn núna. Ég er ekki með neinar hugmyndir eins og er en þær koma kannski í nótt," sagði Ólafur .

„Við vorum greinilega ekki tilbúnir í þennan slag. Ég hefði hugsanlega getað komið okkur inn í leikinn með því að skora úr vítinu og verð að taka þetta svolítið á mig," segir Guðjón Pétur Lýðsson, besti maður Hauka í gær. Hann átti möguleika á að minnka muninn í 2-1 á 52. mínútu en lét þá Bjarna Þórð Halldórsson, markvörð Stjörnunnar, verja frá sér víti. Eftir það misstu Haukarnir alla trú og létu síðan valta yfir sig á lokamínútunum. - óój



**HEITUR** Halldór Orri átti góðan leik fyrir Stjörnuna.

---

| Breiðablik | 1-1 | ÍBV |
|---|---|---|
| Kópavogsvöllur, áhorf.: 3.180 | | Magnús Þórisson (6) |

*0-1 Tryggvi Guðmundsson, víti (21.)*
*1-1 Alfreð Finnbogason (65.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–6 (4–2) |
| Varin skot | Ingvar 1 – Albert 2 |
| Horn | 8–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6–10 |
| Rangstöður | 3–5 |

| **BLIKAR** 4–3–3 | | **ÍBV** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 6 | Albert Sævarsson | 8 |
| Arnór Aðalsteinsson | 6 | James Hurst | 5 |
| Elfar Freyr Helgason | 8 | Eiður Sigurbjörnsson | 8 |
| Kári Ársælsson | 7 | Rasmus Christiansen | 7 |
| Kristinn Jónsson | 6 | Matt Garner | 6 |
| Jökull Elísabetarson | 6 | Finnur Ólafsson | 7 |
| Finnur Margeirsson | 7 | (90., Ásgeir Ásgeirs. | -) |
| (84., Olgeir Sigurg. | -) | Andri Ólafsson | 6 |
| Guðmundur Kristjáns. | 6 | ***Þórarinn Valdima.** | **8** |
| Haukur Baldvinsson | 7 | Tryggvi Guðmunds. | 6 |
| Kristinn Steindórsson | 6 | Tony Mawejje | 5 |
| (46., Guðm. Péturs. | 5) | Eyþór Birgisson | 4 |
| Alfreð Finnbogason | 7 | (57.,Danien Warlem | 6) |

**Maður leiksins*

*Staðan í Pepsi-deild karla:*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **16** | **10** | **3** | **3** | **27-16** | **33** |
| Breiðablik | 16 | 9 | 4 | 3 | 36-18 | 31 |
| **FH** | **15** | **7** | **5** | **3** | **28-21** | **26** |
| Stjarnan | 16 | 6 | 5 | 5 | 32-26 | 23 |
| **Keflavík** | **15** | **6** | **5** | **4** | **15-16** | **23** |
| KR | 14 | 6 | 4 | 4 | 24-19 | 22 |
| **Valur** | **16** | **5** | **7** | **4** | **22-26** | **22** |
| Fram | 15 | 5 | 5 | 5 | 22-23 | 20 |
| **Fylkir** | **15** | **5** | **3** | **7** | **27-28** | **18** |
| Grindavík | 15 | 3 | 4 | 8 | 16-23 | 13 |
| **Selfoss** | **15** | **3** | **2** | **10** | **20-34** | **11** |
| Haukar | 16 | 0 | 7 | 9 | 20-39 | 7 |

# Strætó fyrir framan teiginn

**Eyjamenn sóttu stigið sem þeir lögðu upp með að fá þegar þeir gerðu 1-1 jafntefli við Breiðablik. ÍBV er þar með enn á toppi Pepsi-deildarinnar.**

**FÓTBOLTI** „Við erum mjög svekktir með þetta. Við ætluðum okkur sigur eins og sást, lágum á þeim allan seinni hálfleikinn," sagði Alfreð Finnbogason, sóknarmaður Breiðabliks, eftir 1-1 jafnteflið í toppslagnum í gær.

„Þeir mættu með strætóinn og settu hann fyrir framan teiginn í seinni hálfleik. Ég ætla ekkert að setja neitt út á þeirra leikaðferð. Þeir ætluðu að sækja stig og komust yfir. Við þurftum að pressa og sú pressa var til loka leiks. Svo við erum ekki sáttir með eitt stig."

Eyjamenn hafa fengið á sig fæst mörk allra liða í deildinni og það sást vel í leiknum í gær hvers vegna svo er. Miðverðirnir tveir voru mjög öflugir og fyrir framan vörnina vann Þórarinn Ingi Valdimarsson sína vinnu af alúð og krafti. Í markinu var Albert Sævarsson svo öryggið uppmálað.

„Við fengum ekki mörg opin færi í þessum leik," sagði Alfreð. „Það er ekki að ástæðulausu sem ÍBV hefur fengið á sig svona fá mörk. Þeir hafa mjög sterka og þétta menn í vörninni og þar fyrir framan."

Alfreð skoraði jöfnunarmark Blika eftir að hafa sloppið í gegn og var svo skuggalega nálægt því að skora sigurmarkið í uppbótartíma en þá bjargaði Andri Ólafsson á marklínu. „Ég var byrjaður að hugsa um skotið áður en ég tók fyrstu snertinguna og það kann ekki góðri lukku að stýra."



**KÁTIR** Tryggvi Guðmundsson og félagar í ÍBV næ ldu í gott stig í Kópavogi og eru enn á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eyjamenn komust yfir með marki Tryggva Guðmundssonar úr vítaspyrnu og eftir það var legið vel til baka. „Maður er nokkuð sáttur við stigið en það er samt svekkjandi að fá þetta mark á okkur. Það var misskilningur í vörninni. Annars náðu Blikarnir ekki að spila sinn leik, við lokuðum vel á þá," sagði Þórarinn Ingi.

„Við lögðum þennan leik frábærlega upp. Við erum sáttir við að halda okkur á toppnum. Við erum að spila okkar leik og ná okkar markmiðum, þetta gengur bara fínt eins og er."

Þórarinn var besti maður vallarins í gær. „Mér gekk mjög vel og fannst gaman að spila, það var skemmtilegt veður og þetta er toppvöllur hérna í Kópavogi," sagði hann eftir leik.

Nýtt áhorfendamet var sett á Kópavogsvelli í gær en 3.180 manns mættu til að horfa á þennan toppslag og létu áhorfendur vel í sér heyra. elvargeir@frettabladid.is



**MARKI FAGNAÐ** Darren Fletcher fagnar hér marki sínu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Góð byrjun hjá Man. Utd

**FÓTBOLTI** Fyrstu umferðinni í ensku úrvalsdeildinni lauk í gær þegar nýliðar Newcastle sóttu Man. Utd heim á Old Trafford. Nýliðarnir sóttu ekki gull í greipar sveina Fergusons því United vann leikinn örugglega, 3-0.

Það var Dimitar Berbatov sem kom United yfir á 33. mínútu. Hann fékk þá stungusendingu frá Paul Scholes sem hann afgreiddi smekklega í fjærhornið.

Níu mínútum síðar fékk Darren Fletcher boltann í teignum. Hann náði fínum snúningi og skoraði af stuttu færi þó svo hann væri með mann í bakinu á sér.

Varamaðurinn Ryan Giggs afgreiddi svo leikinn fimm mínútum fyrir leikslok. Hann fékk þá sendingu frá Scholes í teiginn sem hann afgreiddi smekklega í netið.

Wayne Rooney spilaði rúman klukkutíma í leiknum og virkaði þreyttur. - hbg






**BARÁTTA** Það voru lítil gæði í leiknum í gær en þeim mun meiri barátta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsmenn unnu sinn fyrsta sigur í átta leikjum er liðið sótti Fylki heim í Árbæ:

# Haukur Páll var hetja Valsmanna

**FÓTBOLTI** Valur bar sigur úr býtum gegn Fylki, 0-1, á Árbæjarvelli í gærkvöldi. Haukur Páll Sigurðsson var hetja gestanna en hann skoraði eina mark leiksins rétt fyrir lok fyrri hálfleiks.

Fylkismenn fengu mörg tækifæri í síðari hálfleik til þess að jafna leikinn en allt kom fyrir ekki og niðurstaðan því sigur Valsmanna.

„Þetta er gríðarlegur léttir fyrir okkur Valsara," sagði Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals.

„Það eru heilir tveir mánuðir síðan við unnum leik og því er þetta virkilega sætt. Við áttum sigurinn svo sannarlega skilið og börðumst alveg eins og ljón."

Fylkismenn fengu mörg tækifæri til þess að jafna leikinn en það hafðist ekki og því var Ólafur Þórðarson að vonum svekktur eftir leikinn í gærkvöldi.

„Ég er gríðarlega svekktur því við áttum að fá meira út úr þessum leik í kvöld," sagði Ólafur Þórðarson súr og svekktur.

„Svona heilt yfir fannst mér leikurinn vera mjög svo jafn. Við gáfum of mikið eftir í síðari hálfleiknum og náðum ekki að setja mark okkar á leikinn. Það sem skilur liðin að er að Valsmenn nýttu þetta eina færi sitt," bætti Ólafur við.

Hetja Valsara, Haukur Páll Sigurðsson, hefur verið fjarverandi í undanförnum leikjum og það sást vel á leik Valsara að hann er gríðarlega mikilvægur fyrir liðið.

„Ég er virkilega sáttur við þennan sigur. Við unnum leik síðast 14. júní og því var heldur betur kominn tími á sigur," sagði Haukur Páll ánægður eftir leikinn.

„Við vildum sigurinn held ég bara meira í kvöld og börðumst mikið hver fyrir annan. Þú þarft að vera vel á tánum gegn liði eins og Fylki," sagði Haukur. **- sáp**

## Fylkir 0-1 Valur

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.039 — Gunnar Jarl Jónsson (8)

*0-1 Haukur Páll Sigurðsson (39.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–11 (5–5) |
| Varin skot | Fjalar 1 – Kjartan 4 |
| Horn | 8–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–9 |
| Rangstöður | 1–2 |

| FYLKIR 4–5–1 | | VALUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 5 | Kjartan Sturluson | 5 |
| Tómas Þorsteinsson | 4 | Martin Pedersen | 4 |
| Þórir Hannesson | 5 | Atli Þórarinsson | 5 |
| Kristján Valdimars. | 5 | Greg Ross | 6 |
| Andri Jónsson | 5 | Rúnar Sigurjónsson | 4 |
| Valur F. Gíslason | 4 | Þórir Guðjónsson | 3 |
| (69., Ólafur Stígs. | 5) | (70., Baldur Aðalst. | 5) |
| Ásgeir B. Ásgeirsson | 5 | ***Haukur Sigurðs.** | **6** |
| Pape Faye | 4 | Ian Jeffs | 5 |
| (60., Kjartan Breið. | 5) | Jón Vilhelm Ákason | 4 |
| Andrés Jóhannesson | 4 | Arnar Sv. Geirsson | 6 |
| Ingimundur Óskars. | 4 | Diarmuid O´Carroll | 2 |
| (60., Ásgeir Arnþór. | 5) | | |
| Albert Ingason | 6 | | |

**Maður leiksins*

## Haukar 0-5 Stjarnan

Vodafonevöllur, áhorf.: 493 — Kristinn Jakobsson (8)

*0-1 Halldór Orri Björnsson, víti (31.) 0-2 Halldór Orri (39.), 0-3 Ólafur Karl Finsen (58.), 0-4 Ólafur Finsen (81.), 0-5 Ólafur Finsen (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–20 (3–13) |
| Varin skot | Daði 6 – Bjarni 2 |
| Horn | 3–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 5–12 |
| Rangstöður | 8–6 |

| HAUK. 4–4–2 | | STJARN. 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 6 | Bjarni Halldórsson | 7 |
| Ásgeir Ingólfsson | 5 | Bjarki Eysteinsson | 6 |
| Guðmundur Mete | 4 | Tryggvi Bjarnason | 6 |
| Daníel Einarsson | 3 | Daníel Laxdal | 7 |
| (65., Þórhallur Dan | 4) | Jóhann Laxdal | 7 |
| Kristján Björnsson | 4 | Björn Pálsson | 7 |
| Magnús Björgvins. | 4 | Dennis Danry | 5 |
| (46., Pétur Sæm. | 5) | (87., Birgir Baldurs. | -) |
| Guðjón Lýðsson | 7 | ***Halldór Björnsson** | **7** |
| Jamie McCunnie | 4 | Arnar Björgvinsson | 6 |
| Hilmar Emilsson | 6 | (71., Víðir Þorvarðar. | -) |
| Alexandre Garcia | 3 | Ólafur Karl Finsen | 7 |
| (46., Gunnar Ásgei. | 4) | Þorvaldur Árnason | 7 |
| Hilmar Eiðsson | 5 | (76., Garðar Jóhanns. | -) |

**Maður leiksins*

Kvennalandsliðið valið:

# Kristín Ýr valin

**KNATTSPYRNA** Sigurður Eyjólfsson landsliðsþjálfari valdi í gær hópinn sem mætir Frökkum á Laugardalsvelli um næstu helgi.

Athygli vakti að Kristín Ýr Bjarnadóttir var valin þrátt fyrir að hafa gagnrýnt þjálfarann. **- hbg**

**Landsliðshópurinn:**

Þóra Björg Helgadóttir
Sandra Sigurðardóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Edda Garðarsdóttir
Margrét Lára Viðarsdóttir
Dóra María Lárusdóttir
Hólmfríður Magnúsdóttir
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir
Sara Björk Gunnarsdóttir
Rakel Hönnudóttir
Rakel Logadóttir
Sif Atladóttir
Guðný Björk Óðinsdóttir
Harpa Þorsteinsdóttir
Hallbera Guðný Gísladóttir
Fanndís Friðriksdóttir
Dagný Brynjarsdóttir
Berglind Þorvaldsdóttir
Thelma Björk Einarsdóttir





> **Paul McCartney**

„Ég þoli ekki fréttamenn; ég þoli ekki allar þessar Bítlaspurningar.“

***Kvikmyndin Across the Universe verður á Stöð 2 bíó kl. 20.00 í kvöld, en samtöl í myndinni eru byggð á þekktum textum eftir Bítlana og öll lögin í myndinni eru Bítlalög.***



# dagskr

## VIÐ TÆKIÐ: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VILL EKKI MEIRA LÆKNADRAMA

# *Óleysanlegi ástarþríhyrningurinn*

Ánægja mín var nokkur þegar ég vissi að þegar læknadramanu Grey's anatomy lyki myndi taka við hjúkrunarkonudramað Mercy. Ég er bara einu sinni þannig úr garði gerð að mér þykir fátt meira heillandi en hvítklætt hjúkrunarlið sem hleypur um, læknar fólk og gerir dodo í lyfjageymslunni. Ástardrama í bland við ólæknandi sjúkdóma er blanda sem klikkar ekki. Eða svo hélt ég.

Vonbrigði mín með Mercy urðu nefnilega nokkur. Hjúkrunargellurnar voru alls ekki eins heillandi og ég hafði vonast til. Leikur aðalkvennanna



hefur þar þó lítið með það að gera, því leikaravalið er ekki slæmt, bara handrit og söguþráður. Hver klisjan rekur aðra og handritshöfundar hafa skrifað sig í ærlega flækju þegar hér er komið við sögu. Sérstaklega fer í taugarnar á mér ástarþríhyrningurinn óleysanlegi milli aðalpersónunnar Veronicu, sem er nýlega komin heim frá Írak, myndarlega læknisins sem hún kynntist þar og æskuástarinnar Mike.

Þrátt fyrir þetta dett ég þó reglulega inn í þættina en sé í hvert sinn ákaflega eftir þeim hálftíma sem þeir hafa stolið úr lífi mínu. Ég get þó huggað mig við það að NBC ákvað í vor að framleiðslu þáttanna yrði hætt vegna lélegs áhorfs.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **17.40 Pepsímörkin** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Across the Universe** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.55 Ljósmæðurnar** RÚV



▶ **21.00 Eureka** SKJÁREINN



▶ **21.25 White Collar** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**16.25 Áfangastaðir - Laugavegurinn** (5:12)

**16.50 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Vatnsfjörður** (14:24)

**17.05 Íslenski boltinn** (e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Múmínálfarnir**

**18.25 Pálína** (49:56)

**18.30 Jimmy Tvískór** (18:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Að duga eða drepast** (14:20) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.

▶**20.55 Ljósmæðurnar** (4:8) (Barnmorskorna) Sænsk þáttaröð um erilsamt starf ljósmæðra á Karolinska háskólasjúkrahúsinu í Huddinge.

**21.25 Doktor Ása** (4:8) (Dr. Åsa) Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Miðnæturmaðurinn** (3:3) (Midnight Man) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.10 Popppunktur** (Spútnik - Hellvar) (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.30 Fréttir** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Across the Universe**

**08.30 The Truth About Love**

**10.05 California Dreaming**

**12.00 Mee-Shee: The Water Giant**

**14.00 The Truth About Love**

**16.00 California Dreaming**

**18.00 Mee-Shee: The Water Giant**

▶**20.00 Across the Universe**

**22.10 Next**

**00.00 Half Nelson**

**02.00 Hot Rod**

**04.00 Next**

**06.00 Cake: A Wedding Story**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Matarást með Rikku** (3:10)

**10.55 Wipeout USA**

**11.45 Making Over America With Trinny & Susannah** (1:7)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 High Fidelity**

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Háheimar, Strumparnir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (11:21)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (15:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (13:22)

**20.10 The Middle** (2:24) Nýir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle.

**20.35 The New Adventures of Old Christine** (5:22) Fjórða þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir.

**21.00 Cougar Town** (10:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður.

▶**21.25 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

**22.10 Gavin and Stacy** (5:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.

**22.40 Daily Show: Global Edition**

**23.05 Gossip Girl** (20:22)

**23.50 Mercy** (16:22)

**00.35 True Blood** (7:12)

**01.30 Nip/Tuck** (16:22)

**02.15 Cathouse** Djarfur heimildarþáttur frá HBO. Þátturinn er stranglega bannaður börnum og ekki fyrir viðkvæma.

**02.45 High Fidelity**

**04.35 White Collar**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Breiðablik - ÍBV** Sýnt frá leik Breiðabliks og ÍBV í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**15.50 Breiðablik - ÍBV** Sýnt frá leik Breiðabliks og ÍBV í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

▶**17.40 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**18.30 Young Boys - Tottenham** Bein útsending frá fyrri leik Young Boys og Tottenham í umspili fyrir Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**20.40 HP Búðarmótið**

**21.10 Turning Stone Resort Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**22.10 London High Roller 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker þar sem mæta margir af bestu og snjöllustu spilurum heims.

**23.00 Poker After Dark**

**23.45 Young Boys - Tottenham** Sýnt frá leik Young Boys og Tottenham í umspili fyrir Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Newcastle**

**14.00 Sunderland - Birmingham**

**15.50 Tottenham - Man. City**

**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**18.35 Football Legends - Luis Enrique** Þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Luis Enrique, fyrrum leikmann Barcelona á Spáni.

**19.00 Liverpool - Arsenal**

**20.50 Chelsea - WBA**

**22.40 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**23.10 Aston Villa - West Ham**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (13:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**17.05 Dynasty** (14:30)

**17.50 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.35 Girlfriends** (21:22) (e)

**18.55 H2O** (26:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka. En dag einn festast þær í dularfullum helli og líf þeirra breytist að eilífu.

**19.20 America's Funniest Home Videos** (25:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.45 King of Queens** (7:13) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**20.10 Survivor** (13:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.

▶**21.00 Eureka** (14:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst.

**21.50 In Plain Sight** (9:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.

**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.20 CSI: New York** (2:23) (e)

**00.10 Leverage** (6:13) (e)

**00.55 King of Queens** (7:13) (e)

**01.20 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Lokaþáttur. Fjallað verður um fyrningarmál.

**21.00 Græðlingur** Gurrý skoðar eitt og annað.

**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri N1.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA



vísir.is ...ég sá það á Vísi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### The Middle



Nýir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni, sem leikin er af Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali – og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### New Adventures of Old Christine

### Stöð 2 kl. 20.35

Fjórða þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði. Sérstaklega á hún erfitt með að slíta sig frá fyrrverandi eiginmanni sínum sem hún á í vægast sagt nánu og sérkennilegu sambandi við.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi með Halldóru Björnsdóttur
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Jazzhátíð Reykjavíkur 2010
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem helst brenna á okkur.

**20.15 Ally McBeal** (20:22) Lögfræðingarnir taka að sér mál geðklofa konu. Annars vegar er það hin undirgefna Helen sem elskar manninn sinn mjög mikið og hins vegar ágenga Helen sem vill skilnað.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 So You Think You Can Dance** (16:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 6 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram.

**23.10 So You Think You Can Dance** (17:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að vinna þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

**23.55 Torchwood** (7:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa. Liðsmenn sveitarinnar eru gæddir sérstökum hæfileikum sem nýtast þeim vel í baráttu við ill öfl sem vilja mannkyninu mein.

**00.45 Ally McBeal** (20:22)

**01.30 The Doctors**

**02.15 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Fawlty Towers **13.00** Black Adder **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** ,Allo ,Allo! **15.10** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Fawlty Towers **18.00** MDA **18.30** The Visitor **19.00** Saxondale **19.30** New Tricks **20.20** Fawlty Towers **20.55** MDA **21.25** Come Dine With Me **21.50** The Jonathan Ross Show **22.40** EastEnders **23.10** Primeval **00.00** Fawlty Towers

## DR 1

**12.00** Søren Ryge præsenterer **12.30** Ønskehaven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Radiserne **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Mad i kassen **15.15** Klassen 2.b **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Det Søde Sommerliv **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Vilde roser **20.15** Giv kærligheden en chance **21.40** Redningstjenesten på vej **22.10** Naruto Uncut **22.35** Boogie Mix

## NRK 1

**12.20** Uteliv om høsten **12.50** Solens mat **13.20** Ut i naturen **13.45** Hannas hjarte **14.35** Glimt av Norge **15.30** Tingenes tilstand **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Grønn glede **18.15** Pakket og klart **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Detektiv Jack Frost **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med **22.00** Garrows lov **23.00** Ei reise over Island **23.30** Svisj gull

## SVT 1

**12.30** Eriksson **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Djursjukhuset **15.25** Val 2010. Tom Alandh i Sverige **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.15** K-märkt form **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Falkenbergsrevyn. Kärleksfeber **20.00** Vikarien **21.30** Kvalster **22.30** Cleo **23.00** Fruar och äkta män




Sérsniðin þjónusta fyrir allar *tegundir* námsmanna.
Námsmenn okkar fá betri *kjör* og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannaþjónustu **Arion banka** fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á **arionbanki.is** eða í síma **444 7000**.

Arion banki

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég veit ekki hvort ég sé rétta manneskjan til að ráðleggja um lög við vinnuna því að ég hlusta á þungarokk. Uppáhaldshljómsveitin mín er Tool, en inn á milli hlusta ég líka á klassíska tónlist eins og Vivaldi og Tsjaíkovskí.“*

Líney Arnórsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri You are in Control/ÚTÓN

# Daníel bað Ká Eff Bé afsökunar

Rapparinn Ká Eff Bé vill leiðrétta misskilning í tengslum við sitt nýjasta lag sem hann gerði með söngvaranum Daníel Óliver. Lagið heitir Skjóttu mig! og er að gera góða hluti á FM 957. Ká Eff Bé samdi lagið en þeir Daníel sömdu textann saman.

Viðtal við Daníel Óliver birtist á dögunum í Séð og heyrt vegna lagsins og það kom Ká Eff Bé í opna skjöldu. „Ég fékk svolítið sjokk að sjá þetta viðtal þar sem hann talar um að þetta sé hans uppgjör við fyrrverandi kærasta,“ segir Ká Eff Bé, sem er sjálfur gagnkynhneigður. „Lagið átti að heita Chick Bang og átti að vera um stelpu sem er í rauninni „player“ eins og sumir strákar. Ég sagði við vini mína: „Ég veit ekki hvar ég er inni í þessu uppgjöri. Kannski stuðningsfulltrúi.“

Að sögn Ká Eff Bé er Daníel búinn að biðja hann afsökunar á viðtalinu enda fannst rapparanum Daníel ekki taka mikið tillit til hans. „Þetta er lag um stelpu sem er mikið að læðupokast. Ef hann hefði sagt að þetta væri uppgjör við fyrrverandi kærasta hefði ég kannski gert rólega ballöðu.“

Ká Eff Bé byrjaði að rappa árið 2002 og hefur sungið með hljómsveitinni Stjörnuryk sem er með fjóra mismunandi rappara innanborðs. Hann er að undirbúa nýtt lag sem nefnist Hver viltu vera? þar sem hann hvetur fólk til að að vera það sjálft í lífinu. **- fb**



**KÁ EFF BÉ** Rapparinn Ká Eff Bé vill leiðrétta misskilning í tengslum við sitt nýjasta lag, Skjóttu mig! FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT**
**2.** kornstrá, **6.** úr hófi, **8.** sæ, **9.** gifti, **11.** belti, **12.** laust bit, **14.** nasl, **16.** klafi, **17.** hlaup, **18.** fálm, **20.** guð, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kjaft, **3.** hæð, **4.** lukt, **5.** mælieining, **7.** svikull, **10.** kelda, **13.** iðn, **15.** útungun, **16.** margsinnis, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hálm, **6.** of, **8.** sjó, **9.** gaf, **11.** öl, **12.** glefs, **14.** snakk, **16.** ok, **17.** gel, **18.** fum, **20.** ra, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** gogg, **3.** ás, **4.** ljósker, **5.** mól, **7.** falskur, **10.** fen, **13.** fag, **15.** klak, **16.** oft, **19.** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Eldfjall.
2. Benedikt Jóhannesson.
3. Sorpa.









**ÞORBJÖRG MARINÓSDÓTTIR:** VIÐ ERUM EINS OG SVART OG HVÍTT

# Höfundur Makalauss byrjuð með Kalla í Baggalút

„Jú ég get staðfest það. Við erum að hittast,“ svarar Þorbjörg Marinósdóttir (26), betur þekkt sem Tobba, spurð hvort hún og Karl Sigurðarson (34), borgarfulltrúi Besta flokksins og söngvari hljómsveitarinnar Baggalúts, séu par. Athygli vakti þegar Tobba, höfundur bókarinnar Makalaus og einstakur ráðgjafi einhleypra stúlkna á landinu, breytti hjúskaparstöðu sinn frá einhleyp ri yfir í í sambandi á samkiptasíðunni Facebook í gær. „Við erum búin að vera að hittast síðan seint í sumar og bara smullum strax,“ segir Tobba, í skýjunum með Kalla. „Við erum rosalega ólík en samt svo lík. Okkur finnst til dæmis báðum alveg æðislegt að vera bara heima og spila rommý. En á meðan ég hlusta á FM957 hlustar hann á Rás tvö. Þegar ég fer í spinning á morgnana er hann að drattast heim af Ölstofunni,“ segir Tobba hlæjandi og vill meina að þau séu með sama húmor og hlæi mikið þegar þau eru saman. En hvernig kynntust þau?

„Sko þetta byrjaði allt þegar ég las frétt eftir kollega minn í Séð og Heyrt, þar sem ég vinn, að Kalli væri eini makalausi borgarfulltrúi Besta flokksins. Ég sá hann svo á Ölstofunni eitt kvöldið og reyndi að koma honum saman við aðra stelpu. Gekk upp að honum með stúlkuna og sagði þeim að kynnast. Hann bara hló að mér og svo fórum við að tala saman. Höfum eiginlega ekki hætt síðan,“ segir Tobba glöð í bragði en hlutirnir hafa æxlast hratt síðan parið hittist.

Tobba, býr í Kópavogi, og hefur að eigin sögn aðeins einu sinni náð að lokka miðbæjarmanninn í heimsókn til sín. „Það hefur verið þannig hingað til að ég hef eytt helgunum í Reykjavík en virku dögunum í úthverfinu,“ segir Tobba og bætir við að hún og Karl deili stundum um það hvort sé betra að búa í Kópavogi eða Reykjavík. Tobba lokar ekki á að borgarfulltrúinn nái að lokka hana yfir í höfuðborgina í framtíðinni.

Bókin Makalaus hefur notið mikillar velgengni undanfarið og stefnir Tobba á að senda frá sér Makalaus 2 í maí á næsta ári. „Ég er að vinna að framhaldinu og leggst í skriftir þegar um hægist.“ alfrun@frettabladid.is



**ÁST VIÐ FYRSTU SÝN** **Tobba Marinós** er ekki lengur makalaus en hún er ánægð í faðmi borgarfulltrúans **Karls Sigurðarsonar.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Sólmundur Hólm Sólmundarson**, rithöfundur, eftirherma og skemmtikraftur, gekk að eiga unnustu sína Elínu Önnu Steinarsdóttur við hátíðlega athöfn um helgina. Æskuvinur Sólmundar, leiklistarneminn Þorvaldur Davíð Kristjánsson, flaug til landsins frá New York og söng þrjú falleg lög í kirkjunni. Öllum að óvörum tók Sólmundur sjálfur upp gítarinn og söng lag til unnustu sinnar við mikinn fögnuð viðstaddra. Meðal gesta voru til að mynda Egill Gillz Einarsson, sem hefur séð um að koma brúðgumanum í form fyrir stóra daginn, Hjörvar Hafliðason fótboltaspekingur og Jóhannes Ásbjörnsson, eigandi Hamborgarafabrikkunnar.



Auðvitað var **Gylfi Ægisson** einnig viðstaddur brúðkaupið en Sóli skrifaði eins og kunnugt er ævisögu tónlistarmannsins, Sjúddirarí rei. Þeim félögum varð vel til vina meðan á skrifunum stóð og Gylfi steig að sjálfsögðu á stokk og dró brúðgumann upp á svið með sér. Sungu þeir saman lagið Minning um mann þar sem Sólmundur hermdi eftir kappanum við mikla kátínu. Að lokum kom Ingó veðurguð og raulaði nokkur lög fyrir dansglaða veislugesti.

Skjár Einn er í viðræðum við Spaugstofuna um að þeir haldi áfram með þátt sinn á sjónvarpsstöðinni í vetur. Skjár Einn lýsti yfir áhuga á að sýna þáttinn strax eftir að Spaugstofan hætti í Sjónvarpinu og viðræður þeirra á milli hafa gengið vel undanfarna daga. Forsvarsmenn Skjás eins segjast vera bestir í að gera mikið fyrir lítinn pening og hver veit nema Spaugstofan, sem þótti of dýr fyrir Sjónvarpið, eignist því nýtt heimili í Skipholtinu. **- áp, fb**



# Baltasar til New Orleans í nóvember

Inhale, kvikmynd Baltasars Kormáks, verður frumsýnd í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum 22. október. Margir hafa beðið spenntir eftir því að sjá frumraun Baltasars utan Íslands og nú virðist sá dagur loksins vera að renna upp. Baltasar mun síðan halda til New Orleans í Bandaríkjunum um leið og tökum á kvikmyndinni Djúpinu lýkur en þær hafa staðið yfir í Vestmannaeyjum í sumar. Þá hefst undirbúningur fyrir stórmyndina Contraband, endurgerð Reykjavík-Rotterdam, en eins og komið hefur fram leikur Mark Wahlberg aðalhlutverkið í þeirri mynd.

Inhale er þegar fáanleg á DVD og Blue Ray í Hollandi. Stikla eða „trailer“ hefur verið sett á Netið til kynningar á myndinni en þetta er í fyrsta skipti sem áhorfendum gefst kostur á að sjá brot úr myndinni. Baltasar segist sjálfur ekki hafa hugmynd um af hverju myndinni sé dreift á DVD í Hollandi og í raun komi honum það ekkert við. Hún hafi verið seld til allra heimshorna og það sé síðan þeirra sem eiga réttinn að ákveða hvernig myndinni sé dreift.

Baltasar bætir því við að það sé ekkert óalgengt að myndinni skuli dreift á þennan hátt, Inhale sé fremur lítil mynd á bandaríska mælikvarða, hún hafi ekki kostað meira en 6 milljónir í framleiðslu. „Ég er mjög sáttur með myndina, þetta var fín frumraun fyrir mig í Ameríku og gott tækifæri til að geta sýnt fram á að ég geti gert myndir á ensku.“ **- fgg**

**SÁTTUR VIÐ INHALE** Inhale er til sölu í Hollandi á DVD og Blue Ray. **Baltasar** segir þetta ekki óalgengt en hann fer til Bandaríkjanna um leið og tökum á Djúpinu lýkur til að undirbúa Contraband, endurgerð Reykjavík Rotterdam með **Mark Wahlberg** í aðalhlutverki.



# Panasonic
ideas for life



## Kynnum nýja Panasonic þvottavél með 3D Sensor þvottatækni

**Panasonic NA147VB2**
- 1400 snúningar / 7 Kg
- Stór LED skjár
- Tromla og belgur úr ryðfríu stáli

**KYNNINGARTILBOÐ AÐEINS KR. 129.990**



Með 3D Sensor þvottatækni og 10° halla á tromlu skynjar vélin hvernig þvotturinn hreyfist og stillir mismunandi hraða og snúning til að skila hreinni og betri þvotti ásamt minni vatnsnotkun.

INVERTER

Inverter tæknin og kolalaus mótor gera vélina mjög hljóðláta og tryggja betri orkunotkun. Í boði eru 16 mismunandi þvottakerfi þar af 15 mínútna hraðkerfi.



EVERYTHING MATTERS.

eco ideas

energy saving recommended

aquaprotection system

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



KÍKTU Í HITT HORNIÐ


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Góðar viðtökur

Mynd **Júlíusar Kemp**, Reykjavik Whale Watching Massacre, hefur fengið afskaplega jákvæða umfjöllun í dönskum fjölmiðlum undanfarið. Ekstra bladet, útbreiddasta götublað Danmerkur, segir að þetta sé snilldarleg mynd sem Danir muni bæði elska og hata. Vonandi komi hún í dönsk kvikmyndahús sem fyrst. Þá var nokkurra blaðsíðna umfjöllun um myndina í Jyllandsposten um daginn og prýddi risastór mynd af tryllingslegu andliti Helga Björnssonar forsíðu menningarkálfs Jyllandspostens í tilefni af þeirri umfjöllun. Myndin hefur þegar verið sýnd í kvikmyndahúsum í Bretlandi, Þýskalandi, Japan, Frakklandi og víðar.



### Velgengni á artFart

Sviðslistahátíðin artFart er enn í fullum gangi. Sýningarnar Vakt og Mario-Bros, sem sýndar hafa verið í leikhúsinu Norðurpólnum á Seltjarnarnesi, hafa gengið sérlega vel. Uppselt hefur verið á allar sýningar af Vakt sem Hera Hilmarsdóttir og Einar Aðalsteinsson leika í og verður því aukasýning á fimmtudaginn kemur. Fyrr sama kvöld verður einnig aukasýning á gamandansleikritinu Mario-Bros, með **Halldóri Halldórssyni** í aðalhlutverki, en sú sýning hefur einnig verið mjög vinsæl meðal hátíðargesta á artFart.

**- pg, þeb**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Morð í Hafnarfirði: Margir yfirheyrðir
2. Borgarfulltrúi biðst afsökunar
3. Íhuga að gefa börnunum kók vegna vatnsskorts
4. Morðinginn gengur enn laus
5. Morðinginn ófundinn


Girðingaefni á tilboði



LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri



VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Helga og Guðjón, garðyrkjubændur á Melum, eru bæði alin upp við garðyrkju og grænmetisrækt. Auk þess að vera með fjölbreytta tómataræktun allt árið, rækta þau kál af ýmsu tagi, m.a. blómkál. Grænmetið er ræktað með vistvænum aðferðum, handtýnt og handskorið. „Hér á landi notum við auðlindir jarðar við garðyrkjuna," segir Helga, stolt af uppskerunni.

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 08/10 - Ljósmyndir: Hari

